

Háskólinn á Akureyri
Kennaradeild – grunnskólabraut
2004

Heimanám

Valdimar Viðisson
Lokaverkefni til 90 eininga B.Ed.-prófs í kennaradeild
Leiðsögukennari: Guðmundur Engilbertsson

„Ég lýsi því hér með yfir að ég einn er höfundur þessa verkefnis og að það er ágóði eigin rannsókna“

Valdimar Víðisson

„Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til B.Ed.-prófs í kennaradeild“

Guðmundur Engilbertsson

Útdráttur

Í þessari ritgerð er fjallað um heimanám. Meginmál ritgerðar skiptist í tvo hluta. Í fyrri hlutanum er hugtakið skilgreint, þátttaka foreldra í heimanámi nemenda skoðuð, stefnumótun skóla varðandi heimanám gerð skil og fjallað um rannsóknir á tilgangi heimanáms, tíma sem varið er í heimanám, heimatilbúin verkefni og árangur heimanáms. Í seinni hlutanum er umfjöllun um athugun á viðhorfi kennara á miðstigi til heimanáms.

Heimanám er hluti af skólasamfélaginu og veigamikill þáttur í námi barna. Skólar móta ákveðna stefnu varðandi heimanám og sú stefna þarf góða ígrundun. Rannsóknir hafa sýnt að markviss þátttaka foreldra í heimanámi getur skilað sér í bættum námsárangri nemenda. Heimanám getur stuðlað að bættum námsárangri og verið jákvæður hluti af fjölskyldulífinu en ef rangt er staðið að heimanámi getur það íþyngt nemendum og fjölskyldum þeirra.

Gerð var athugun á viðhorfum kennara á miðstigi til heimanáms og var úrtakið allir umsjónarkennarar á miðstigi í 8 skólum á Akureyri, Dalvík og Ólafsfirði, alls 42 kennarar. 40 kennarar svöruðu. Megin niðurstöður þeirrar athugunar benda til að heimanám er ekki nógu markvisst í grunnskólunum. Kennarar virðast ekki vita hvaða afstöðu þeir eiga að taka þegar kemur að heimanámi, á heimanám að vera kveikja eða ákveðið framhald af skóla? Á heimanám að vera hefðbundið eða óhefðbundið.

Heimanám virðist oft á tíðum vera stefnulaust bákn innan skólanna, hálfgerð vandræðabarn sem skólasamfélagið veit ekki hvernig á að siða til. Heimanám þarf sífellda endurskoðun og stefnumótun þess þarf áheyrn allra hlutaðeigandi aðila.

Abstract

This essay is about homework. The main issue is divided in two parts. In the first part, the concept (homework) is defined, looked at parents-participation in homework, I examine how homework policy is formed and look at some earlier research on homework. The purpose of homework, time spent on homework, homemade exercises and the results of homework. In the second part I explain a study I made on teachers views towards homework. The teachers who participated teach 5. – 7. grade in elementary schools.

Homework is a part of the school-community and an important factor in students education. Schools form a policy about homework and that policy needs good cogitation. Research shows that systematic participation on behalf of parents in their children homework can affect student grades.

A research on teacher views towards homework was made. The research sample was 42 teachers (5. – 7. grade) in Akureyri, Dalvík and Ólafsfjörður. 40 teachers answered a questionnaire. The finding shows that teachers are not sure what the main goals of homework are. Should homework be traditional or non-traditional.

Homework seems to be aimless symbol, a little bit like a problem child which no-one seems to know how to handle. Homework needs a certain review every year and everyone should participate in this review.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Heimanám.....	5
2.1 Hvað er heimanám?	5
2.1.1 Hefðbundið heimanám	7
2.1.2 Óhefðbundið heimanám	8
2.2 Tengsl foreldra við heimanám.....	10
2.3 Stefna skólans.....	14
2.4 Rannsóknir á heimanámi	16
2.4.1 Tilgangur heimanáms	16
2.4.2 Heimatilbúin verkefni.....	18
2.4.3 Tími sem fer í heimanám.....	19
2.4.4 Árangur heimanáms	20
2.5 Samantekt	22
3. Athugun á viðhorfum kennara á miðstigi til heimanáms	24
3.1 Aðferð.....	24
3.1.1 Þátttakendur.....	24
3.1.2 Framkvæmd.....	25
3.2 Niðurstöður.....	26
3.2.1 Fyrirlögn heimanáms og stefna skólans	26
3.2.2 Fullyrðingar varðandi heimanám.....	27
3.3 Samantekt	35
4. Umræður.....	36
4.1 Stefna skólans.....	36
4.2 Foreldrar	37
4.3 Heimanám	39
4.3.1 Kennslustund.....	39
4.3.2 Kveikja	40
4.3.3 Námsárangur	41
4.4 Að lokum.....	42
5. Lokaorð.....	43
6. Heimildaskrá	45
Fylgiskjöl.....	47
Fylgiskjal 1	48
Fylgiskjal 2	49

Töflu- og myndaskrá

Tafla	bls.
1 - Afskipti foreldra af heimanámi barna	12
2 - Aðstoð foreldra við heimanám barna	13
3 - Skipulagsrammi við mótun stefnu skóla varðandi heimanám	14
4 - Tilgangur heimanáms samkvæmt kennurum	17
5 - Eðli heimatilbúinna verkefna	18
6 - Heimanám er til að klára þau verkefni sem ekki tókst að ljúka við í skólanum	27
7 - Heimanám er undirbúningur nemenda fyrir kennslustundir	28
8 - Heimanám hjálpar nemendur í því sem þeir læra í kennslustundum	28
9 - Heimanám hjálpar nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum	29
10 - Heimanám er ætlað til að tengja foreldra við nám barna	29
11 - Heimanám getur valdið námsleiða	30
12 - Heimanám á að vera kveikja	31
13 - Heimanám stuðlar að gagnrýnni hugsun	31
14 - Heimanám bætir námsárangur nemenda	32
15 - Heimanám er tímaeyðsla	32
16 - Heimanám gefur mynd af getu nemenda	33
17 - Heimanám bætir við þá þekkingu sem nemendur hafa öðlast í kennslustundum	33
18 - Heimanám er mikilvægt	34
Mynd	bls.
1 - Stefna skólans	26
2 – Skólasamfélagið í dag	38

1. Inngangur

Skólasamfélagið er margþætt og spannar vítt svið innan þess samfélags sem við lifum og hrærumst í. Innan skólasamfélagsins eru hundruð mismunandi einstaklinga og hver einstaklingur hefur veigamiklu hlutverki að gegna. Til að allt gangi vel þurfa allir endar samfélagsins að ná saman og hver og einn þarf að standa klár á sínu hlutverki og vita til hvers er ætlast af honum. Ein brotalöm í gangverki samfélagsins getur lamað það og því þarf samstarf allra aðila að vera byggt á traustum og faglegum grunni. Vaninn á það til að stjórna skólasamfélaginu. Þegar það gerist verður ákveðin stöðnun innan þess. Heimanám er gott dæmi um veigamikinn þátt innan skólasamfélagsins sem þarf að vera í sífelldri endurskoðun og þarf að taka mið af ólíkum einstaklingum.

Heimanám er samtvinnað skólastarfi íslenskra grunnskóla. Nemendur þurfa að vinna viss skólaverkefni heima og er það þá kallað heimanám.

Ég hef komið í nokkra grunnskóla og heimanám er yfirleitt sá þáttur skólastarfsins sem skólar eiga í hvað mestum vandræðum með. Veturinn 2002 – 2003 starfaði ég sem leiðbeinandi í grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu. Innan veggja þess skóla var heimanám mikið rætt og voru skiptar skoðanir meðal kennara um ágæti þess. Ég fékk mikinn áhuga á þessum þætti skólastarfsins og hef síðan kynnt mér markvisst hvernig skólar standa að heimanámi.

Heimanám verður umfjöllunarefni mitt í þessari ritgerð og hef ég í því sambandi sett fram ákveðnar rannsóknarspurningar:

1. Hvað er átt við með hugtakinu heimanám?
 - a. Hvernig er heimanám skilgreint?
 - b. Hvernig koma fjölskyldur nemenda að heimanámi?
 - c. Hvernig er stefna skóla varðandi heimanám mótuð?
 - d. Hvað segja rannsóknir um heimanám?
2. Hver eru viðhorf kennara á miðstigi gagnvart heimanámi?

Heimanám snertir fjölmörg heimili og eru skiptar skoðanir um ágæti þess innan veggja heimilanna. Heimanám er sá hluti skólasamfélagsins sem virðist vera tilkomið vegna ákveðinnar hefðar og um það virðist ríkja þegjandi samkomulag. „Heimanám

er vegna þess að það er“ sagði einn ágætur grunnskólakennari við mig þegar við vorum að ræða um heimanám.

Tilgangur þessarar ritgerðar er að skoða hugtakið út frá mörgum hliðum sem og að opna umræðu um heimanám, ekki bara innan veggja skólans heldur líka á heimilum. Það er þörf á ákveðinni vakningu varðandi umræðu um heimanám. Viðhorf þessa ágæta kennara, sem ég vitnaði í hér að framan, virðist hafa náð ákveðinni fótfestu í skólum og á heimilum.

Meginmál ritgerðarinnar er tvískipt. Í fyrri hlutanum fjalla ég um heimanám út frá fræðunum en í seinni hlutanum geri ég grein fyrir athugun á viðhorfum varðandi heimanám sem ég gerði meðal kennara á miðstigi á Akureyri, Dalvík og Ólafsfirði.

2. Heimanám

2.1 Hvað er heimanám?

Samkvæmt íslenskri orðabók er heimanám skilgreint sem nám sem fer fram í heimahúsum.¹ Þessi skilgreining er afskaplega víð og gefur sennilega ekki alveg rétta mynd af því heimanámi sem fram fer í dag.

Heimanám er hluti af skólasamfélaginu. Nemendur vinna ákveðin verkefni í skólanum og þurfa síðan að vinna ákveðin verkefni þegar þeir koma heim. Kannski svipað og þegar starfsmaður í fyrirtæki þarf að vinna yfirvinnu eða undirbúa eitthvað ákveðið verkefni sem fram fer í vinnunni næsta dag, á næstu dögum eða á næstu vikum.

En er rétt að kalla þá vinnu sem nemendur vinna heima, heimavinnu? Er þetta ekki frekar skólavinna, þ.e.a.s. nemendur vinna verkefni tengt skólanum heima? Heima hjá nemendum er kennari ekki til staðar og því þurfa nemendur að vinna úr þessum verkefnum uppá eigin spýtur, ef þeir geta það ekki þarf fjölskylda þeirra að aðstoða þá eða aðrir nemendur. Ef nemendur fá enga aðstoð geta þeir þurft að koma án heimavinnu í skólann. Heimavinna er gamalt hugtak sem vísar til þess að gera eitthvað heimavið. Getum nefnt dæmi um húsmæður. Ef þær eru spurðar hvað þær gera er svarið yfirleitt, „ég er heimavinnandi húsmóðir“. Hugtakið heimavinna hefur því færst yfir á þau skólaverkefni sem nemendur eiga að gera utan hefðbundins skólatíma.²

Hægt er að skilgreina heimanám nemenda sem verkefni sem kennarar fela þeim að gera utan kennslustunda.³ Yfirleitt eru þessu verkefni innan ákveðins tímaramma, þ.e.a.s. nemendur þurfa að standa skil á verkefninu fyrir ákveðna kennslustund eða dag. Heimanám getur gengið út frá því að nemendur vinna sjálfstætt eða að einhverjir fullorðnir leiðbeini þeim. Eins getur heimanám miðast við að hópur nemenda vinni saman eða að nemendur og fjölskyldur þeirra vinni saman að ákveðnu verkefni. Heimanám getur í raun farið fram hvar sem er. Þó svo að hugtakið vísi til einhvers sem gert er heima getur þessi vinna farið fram í skólanum, á bókasafni, í

¹ Íslensk orðabók handa skólum og almenningi 1983:354

² Stern 1997:1 – 2

³ Cooper 2001:3

kvikmyndahúsi, heima hjá vinum, úti í náttúrunni eða bara þar sem nemendum finnst best að vinna tiltekið verkefni.⁴

Hægt er að segja að heimanám vísi til lærdóms:

- sem tekur á námsefni sem búið er að fara í.
- sem fer fram utan hefðbundinnar kennslu og bætir ofan á þá þekkingu sem þegar er fyrir hendi.
- sem er á ábyrgð nemendanna.

Heimanám er umdeilt, einfaldlega vegna þess að það er erfitt að meta það og árangur þess er ekki alltaf ljós. Þegar heim er komið taka við annars konar áreiti en eru til staðar innan veggja skólans og því er erfitt að gera sér grein fyrir jákvæðum og neikvæðum áhrifum á nemandann meðan hann gerir heimavinnuna. Eins er erfitt að gera sér grein fyrir hvort verkefni sem unnin eru án handleiðslu kennara muni auka eða draga úr áhuga og árangri. Umræður um heimanám eru oft neikvæðar, sérstaklega meðal nemenda og fjölskyldna þeirra. Þó eru afskaplega fáir sem halda því fram að nám eigi einungis að fara fram innan veggja skólans. Neikvæð viðhorf nemenda gagnvart heimanámi eiga rætur að rekja til þess að nemendum finnst heimanám vera skylda fremur en verkefni sem áhugavert er að leysa og gagnast manni þegar til lengri tíma er litið.⁵

Eins og hefur komið fram er heimanám nám sem fer fram utan hefðbundinna kennslustunda og er sett fyrir af kennara. Til þess að heimanám skili árangri þarf kennari að hafa ákveðin atriði í huga. Nemendur læra t.d. betur ef:

- þeir eru ánægðir með námið.
- þeir ásamt kennaranum viti hvað á að gera.
- vinnan er krefjandi en ekki óyfirstíganleg.
- þeir hafa leiknina til að klára verkefnið.
- þeir hafa einhvern sem getur aðstoðað þá ef þeir lenda í vandræðum.
- þeir hafa valið ákveðið sjónarhorn á verkefnið.
- þeir eru ánægðir í skólanum.
- þeir sjá einhvern tilgang í verkefninu.
- þeir fá eitthvað út úr vinnunni.
- þeir fá jákvæða gagnrýni á verkefnið.

⁴ MacBeath og Turner 1999:1

⁵ MacBeath og Turner 1999:1

- allir í bekknum eru að vinna að ákveðnu verkefni.⁶

Þessi listi er ekki tæmandi og sjálfsagt mörgu hægt að bæta inn á hann. Hann gefur samt ágæta mynd af þeim aðstæðum sem þurfa að vera fyrir hendi til að heimanámið skili ákveðnum árangri.

Hægt er að skipta heimanámi í tvo flokka. Annars vegar hefðbundið heimanám og hins vegar óhefðbundið heimanám.

2.1.1 Hefðbundið heimanám

Heimanám hefur mismunandi tilgang eftir eðli þeirra verkefna sem á að leysa. Nemendur, kennarar og foreldrar⁷ þurfa að skilja hvaða tilgangi heimanámið þjónar. Tilgangur hefðbundins heimanáms, að mati Jane Nelsen og fleiri, getur falið í sér:

- a) að nemendur þjálfði það sem þeir lærðu í skólanum.
- b) að nemendur beri ábyrgð á sínu námi.
- c) að nemendur klári ákveðið verkefni sem ekki tókst að klára í skólanum.
- d) að nemendur klári verkefni sem kennari býr til.
- e) að nemendur temji sér þrautseigju og ákveðni með því að sitja yfir ákveðnu verkefni þar til það er búið.
- f) að nemendur temji sér sjálfsaga og skipulagningu.
- g) að tengja foreldra við nám barna.⁸

Sé listinn hér að ofan skoðaður sést að hefðbundið heimanám er því nokkurs konar framhald af skóla þar sem nemendur leysa ákveðin verkefni sem byggja að miklu leyti á vinnublöðum og vinnubókum. Verkefnin eru ekki krefjandi fyrir nemendur og steypa verkefnavinnu þeirra í ákveðið form. Heimanám er samofið kennsluaðferðum, þ.e. lokaðir kennsluhættir og hefðbundið heimanám haldast í hendur. Ingvar Sigurgeirsson hefur skrifað um kennsluaðferðir og samkvæmt hans skilgreiningum á þeim byggir hefðbundið heimanám að miklu leyti á þulunámi og þjálfunaræfingum þar sem meginmarkmiðið er að kanna þekkingu nemenda og festa hana í minni, þjálfaleikni og efla færni á ákveðnum sviðum.⁹

Ég ætla að taka nokkur tilbúin dæmi um hefðbundið heimanám sem byggir á þulunámi og þjálfunaræfingum.

⁶ Stern 1997:4

⁷ Þegar ég tala um foreldra í þessari ritgerð er átt við foreldra nemenda eða forráðamenn þeirra.

⁸ Nelsen og fleiri 1996:197 – 198

⁹ Ingvar Sigurgeirsson 1999:70

Íslenska – ljóð: Nemendur fá það verkefni að læra ljóðið „Barn“ eftir Stein Steinarr utan að. Þetta verkefni byggir á að nemendur læri þekkingaratriði utanbókar og standi skil á þeim.

Íslandssaga: Nemendur lesa um siðaskiptin og eiga að læra aðalatriði textans. Kennari spyr nemendur út í aðalatriðin. Verkefnið byggir á að nemendur lesi texta, nái aðalatriðum og standi skil á þeim.

Íslenska – bókmenntir: Nemendur fá verkefni tengt ákveðinni sögu. Þeir fara með söguna og verkefnið heim og þurfa að standa skil á verkefninu skriflega. Verkefnið byggir á að nemendur lesi söguna og svari spurningum tengdum henni.

Enska: Nemendur fá það verkefni að klára bls. 9 í vinnubók. Verkefnið byggir á að nemendur klári ákveðna blaðsíðu í vinnubók og standi skil á því efni sem er að finna á tiltekinni blaðsíðu.

Danska: Nemendur fá vinnublað með málfræðiæfingum. Verkefnið byggir á að þjálfa nemendur í notkun ákveðinna málfræðireglna

Hvort sem kennari hefur þessi atriði eða önnur í huga þurfa allir hlutaðeigandi aðilar¹⁰ að vera meðvitaðir um tilgang heimanámsins.¹¹ Kennari ætti aldrei að nota heimanám sem refsingu og hann þarf að hafa á hreinu hvernig hann bregst við aðstæðum þegar nemendur hafa ekki unnið heimavinnuna sína eða skila henni seint. Í upphafi skólaársins er gott að senda heim lista yfir þau markmið sem heimanámi er ætlað að ná. Kennari þarf að kenna nemendum að halda góðu skipulagi á skráningu heimanáms og að sjá til að það sé þannig skrásett að foreldrar eiga auðvelt með að fylgjast með.¹²

2.1.2 Óhefðbundið heimanám

Hefðbundið heimanám eitt og sér getur verið afskaplega hvítleitt, ekki bara fyrir nemendur heldur einnig fyrir fjölskyldur þeirra og kennara. Óhefðbundið heimanám fer, eins og nafnið bendir til, óhefðbundnar leiðir varðandi verkefnavinnu nemenda eftir að hefðbundnum skólatíma lýkur. Óhefðbundið heimanám byggir á sjálfstæðum vinnubrögðum og gagnrýnni hugsun. Heimanám af þessu tagi er ekki framhald af skólanum, verkefnin eru af öðrum toga. Óhefðbundið heimanám fer þá leið að spyrja nokkurra mikilvægra spurninga eins og Jane Nelson og fleiri hafa sett fram:

¹⁰ Nemendur, kennarar og foreldrar.

¹¹ Nelsen og fleiri 1996:197 – 198

¹² Nelsen og fleiri 1996:199 – 200

1. Ef nemandi skilur hugtak, hvers vegna þarf hann þá að gera 20 dæmi sem byggja á þessu tiltekna hugtaki?
2. Ef nemandi skilur ekki hugtak, hvers vegna er þá ætlast til að hann fari heim og geri verkefni tengt því hugtaki?
3. Ef foreldrar gera verkefni „fyrir nemendur“, hvernig er þá hægt að ætlast til að nemendur læri eitthvað?

Óhefðbundið heimanám fer þá leið að gera verkefnin krefjandi og byggir á samskiptum nemenda við fjölskylduna eða aðra nemendur.¹³ Óhefðbundið heimanám er samofið opnum kennsluháttum þar sem kennari fer ekki svokallaðar hefðbundnar leiðir í kennslu. Ingvar Sigurgeirsson hefur skrifað um kennsluaðferðir og samkvæmt hans skilgreiningum á þeim byggir óhefðbundið heimanám að miklu leyti á kennsluaðferðum eins og þrautalausnum, þar sem meginmarkmiðið er að þjálfar nemendur í rökhusun og takast á við ýmis úrlausnarefni og leitaraðferðum sem byggja á því að nemendur líkja eftir vinnubrögðum vísindamanna.¹⁴

Ég ætla að taka nokkur dæmi þar sem stuðst er við óhefðbundið heimanám.

Íslenska – ljóð: Nemendur fá það verkefni að lesa ljóðið „Barn“ eftir Stein Steinarr og ræða það við foreldra/forráðamenn sína. Þetta verkefni byggir á að nemendur skoði ljóðið með öðru hugarfari en til að læra það utanbókar og ræði það síðan.

Íslandssaga: Nemendur leita sér upplýsinga um siðaskiptin. Nemendur vinna saman og ræða um efnið. Gera stutta samantekt tengda siðaskiptunum og taka afstöðu. Þetta verkefni byggir á að nemendur ræði saman og komist að niðurstöðu.

Íslenska – bókmenntir: Nemendur lesa sögu. Fá það verkefni að finna upplýsingar um höfund sögunnar. Þetta verkefni byggir á að nemendur skoði hver standi að ákveðinni sögu.

Enska: Nemendur vinna með ákveðið efni í ensku. Fá það verkefni að búa til verkefni tengt efninu og leggja fyrir foreldra eða systkini. Þetta verkefni byggir á nálgun viðfangsefnis á öðrum forsendum en þau eru vön.

Danska: Nemendur hlusta á danskt dægurlag. Skrifa um hvað það er á íslensku. Þetta verkefni byggir á að vinna með danskan texta sem stendur þeim nærri.

Óhefðbundið heimanám opnar margar nýjar leiðir. Heimanám af þessu tagi hvetur nemendur til að tjá sig og færir fjölskyldur saman. Heimanám verður ekki kvöð heldur eitthvað sem er krefjandi og frumlegt. Hefðbundið heimanám getur valdið

¹³ Nelsen og fleiri 1996:195 – 196

¹⁴ Ingvar Sigurgeirsson 1999:109,124

álagi á fjölskyldur ef það festist í viðjum vanans og því þarf að ríkja ákveðið jafnvægi á milli hefðbundins og óhefðbundins heimanáms.¹⁵

2.2 Tengsl foreldra við heimanám

Starf kennara fer fram fyrir opnum tjöldum, það eru margir sem fylgjast með starfi hans og kennarinn hefur ekki bara áhrif á nemendur, hann hefur líka áhrif á fjölskyldur nemenda sinna.

Kennari þarf að íhuga þær aðferðir sem hann ætlar að nota í kennslu og miðla því til nemenda að þeir verði hugsandi varðandi sitt nám og temji sér gagnrýna hugsun. Þessi mynd af því sem fram fer í skólanum er góð og gild en það þarf meira að koma til. Foreldrar þurfa að íhuga hvaða hlutverki þeir hafa að gegna í námi barna sinna.¹⁶

Foreldrar nemenda taka hvað mest þátt í námi barna sinna í gegnum heimanámið. Nemendur læra meira ef foreldrar taka þátt í náminu og vinna með kennaranum. Ef foreldrar vilja ekki taka þátt í skólalífínu eða ef kennarinn vill ekki hafa samskipti við foreldra bitnar það á nemendunum. Skólinn er ekki geymslustaður sem er foreldrum óviðkomandi.¹⁷

Sumir kennarar telja að ekki eigi að setja fyrir heimanám því foreldrar eigi ekki að skipta sér af námi barna sinna, það sé í verkahring kennarans að kenna nemendum. Eftir að foreldrar sleppa barni sínu í skólann sé það á valdi kennarans hvernig og hvað barnið lærir. Sumir halda því jafnvel fram að foreldrar hafi ekki áhuga á námi barna sinna, neiti að aðstoða börnin sín eða vilji ekki taka þátt í skólastarfinu. Þessar staðhæfingar eru rangar. Það hefur sýnt sig að foreldrar hafa virkilega áhuga á því sem er að gerast í námi barnanna og vilja taka þátt í því.¹⁸

Skipulögð þátttaka foreldra í heimanámi barna skiptir höfuðmáli. Erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á að skipulögð þátttaka foreldra bætir námsárangur nemenda. Heimanám er gott tæki til að fylgjast með námi barna og er af mörgum talin einn mikilvægasti hlekkurinn í samskiptum heimila og skóla. Það þarf því að vera gott samræmi á milli þess sem sagt er og gert í skólanum og á heimilinu. Ómarkvisst heimanám og ósamræmi skilar litlu. Stefnu skólans varðandi heimanám þarf að móta

¹⁵ Nelsen og fleiri 1996:197

¹⁶ Paris og Ayres 1994:105

¹⁷ McConkey 1985:19,23

¹⁸ *The homework file. Involving and informing parents* (Rit 4) 1991:1

með þátttöku skólayfirvalda, kennara, foreldra og nemenda. Slíkt eykur ákveðin skilning og samstöðu sem virðist oft á tíðum skorta. Það er mikilvægt að leggja áherslu á uppeldislegt gildi heimavinnu og ábyrgð foreldra í þessu efni ásamt hinu mikilvæga sambandi sem skapast á milli barns, foreldris og skóla þegar vel tekst til um fyrirkomulag heimanáms.¹⁹

Nemendur sem standa sig vel í námi fá nær undantekningalaust stuðning frá sínum fjölskyldum. Skólinn þarf að hafa það í huga og hafa ákveðin markmið varðandi þátttöku foreldra í námi barna. Skólasamfélagið þarf að vera opið þar sem nemendur, foreldrar og kennarar ræða um ýmsa þætti skólastarfsins, þ.á.m. heimanámið. Nýlegar rannsóknir benda til að foreldrar vilji fá að taka þátt í námi barna sinna en kunni það ekki nægilega vel. Kennarar þurfa því að skýra út fyrir foreldrum hver helstu markmið heimanámsins eru og hvaða hlutverki foreldrar eiga að gegna í þessum þætti skólastarfsins.²⁰

Skólinn, heimilið og samfélagið bera sameiginlega ábyrgð á uppeldi barna og þurfa því að vinna náið saman. Niðurstöður rannsókna sem Joyce L. Epstein hefur gert sýna fram á að aukin og markviss tengsl foreldra við skólann hafa bein áhrif á námsárangur.²¹

Skólinn þarfnast foreldra, framhjá því verður ekki litið. Þeir eru fyrstu kennarar barna sinna og sá því í jarðveginn áður en barnið sameinast skólasamfélaginu. Í þessu skólasamfélagi þurfa foreldrar að taka þátt og skólinn verður að bjóða þá velkomna.²²

Heimanám er aðalástæða rífrilda á heimilum vegna náms barna. Oft eru það foreldrarnir sem eru þreyttir og eiga erfitt með að hjálpa barni sínu með heimanám eftir langan vinnudag. Eins eiga nemendur það til að vilja einbeita sér að öðru en heimanámi þegar skóla lýkur. Auk þess virðist heimanám nemenda oft vera heimanám foreldra. Æskilegt er að foreldrar sýni fyrst og fremst stuðning og skilning.²³ Kennarar þurfa að gera sér grein fyrir að heimanám þarf að vera skipulagt og markmið þess skýr til að forðast árekstra milli foreldra, nemenda og kennara.

Fjölskyldumynstrið er síbreytilegt. Kennarar hafa stundum þá mynd af fjölskyldu sem sést í amerískum kvikmyndum frá 6. áratugnum þar sem faðirinn er fyrirvinnan og móðirin sér um heimilið. Þar sem móðirin er heima hefur hún allan

¹⁹ Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson 1995:15,21 – 23

²⁰ Epstein og Jansorn 2004:19

²¹ Epstein 1995:701 – 711

²² Nelsen og fleiri 1996:253

²³ Stern 1997:97 – 99

þann tíma sem þarf til að aðstoða barnið sitt, sama hversu mörg börn á grunnskólaaldri hjónin eiga.²⁴ Þessi fjölskyldumynd endurspeglar engan veginn þann íslenska veruleika sem við búum við í dag.

Ef vel er staðið að heimanámi og markmið þess eru skýr getur heimanám sameinað fjölskylduna. Foreldrar þurfa að gefa sér tíma og skoða hvað börn þeirra eru að gera í skólanum. Þeir þurfa að taka þátt í skólastarfinu og hjálpa til við að móta það starf sem þar fer fram. Heimanám er þáttur í skólastarfinu sem foreldrar geta tjáð sig um og verið virkir í. Það er fín lína milli þess að aðstoða börnin sín með heimanámið og gera heimanámið fyrir þau.²⁵ Þessi lína er ekki alltaf skýr og því þarf að finna hinn gullna meðalveg.

Afleiðingar af afskiptum foreldra á heimanám barna sinna geta verið af tvennum toga, annars vegar jákvæðar og hins vegar neikvæðar.

Tafla 1
Afskipti foreldra af heimanámi barna

<i>Jákvæðar afleiðingar</i>	<i>Neikvæðar afleiðingar</i>
Flyta fyrir heimanámi nemenda.	Trufla heimnám nemenda.
Bæta samskipti heimila og skóla.	Stuðla að óhóflegu álagi á nemendur til að klára verkefni.
Nemendur fá gagnlegar upplýsingar og leiðbeiningar.	Foreldrar verða einkakennarar barna sinna.

Þó að foreldrar hafi almennt jákvæð viðhorf gagnvart heimanámi og aðstoð þeirra hafi yfirleitt jákvæðar afleiðingar á nemandann þá neikvæðnin reglulega á dyrnar. Foreldrar og nemendur þurfa því að vera meðvitaðir um þessa þætti til að sporna gegn því neikvæða varðandi samvinnu við heimanám.²⁶

En hvaða leið er hægt að fara til taka þátt í heimanámi nemenda? Hægt er að skipta aðstoð foreldra við heimanám nemenda í fjóra flokka samkvæmt Harris Cooper.²⁷

²⁴ McEwan 1996:9

²⁵ Feldman 2004:6

²⁶ Cooper 2001:44 – 45

²⁷ Cooper 2001:46 – 47

Tafla 2
Aðstoð foreldra við heimanám barna

<i>Sjálfstæð vinnubrögð</i>	Foreldrar leiða börnin áfram og fá þau til að hugsa sjálfstætt.
<i>Stýrð aðstoð</i>	Foreldrar taka beinan þátt í heimanámi barna sinna. Segja þeim svörin og leiða þau í gegnum heimanámið.
<i>Skipulagsrammi</i>	Foreldrar halda utan um heimanám barna sinna og ákveða hvað á að læra og hvenær. Nemendur þurfa því ekki að bera neina ábyrgð á sínu námi.
<i>Truflun</i>	Hjálp foreldra gerir heimanámið erfiðara.

Foreldrar þurfa að gefa sér tíma og skoða hvernig aðstoð þeir eru að bjóða sínum börnum. Flestir foreldrar fara sennilega allar þessar leiðir en að mismiklu leyti. Ef foreldrar eru meðvitaðir um hvað þeir gera rétt og hvað rangt er auðveldara að komast á beinu brautina á nýjan leik.²⁸

Samstarf heimila og skóla hefur tekið miklum breytingum síðustu áratugi. Þessar breytingar hafa gert það að verkum að foreldrar eru í nánari tengslum við skólasamfélagið og láta meira í sér heyra. Í dag þykir sjálfsagt að foreldrar og kennara vinni náið saman en það eru ekki mörg ár síðan að það þótti ekki við hæfi.²⁹

Hafa ber í huga að öll börn geta staðið sig vel í skóla en sum þurfa meiri aðstoð og hvatningu en önnur. Foreldrar þurfa að vera meðvitaðir um það. Ef þeir fylgjast vel með skólagöngu barna sinna er líklegra að þeim gangi betur í skóla. Það er m.a. vegna þess að þá hafa börnin ákveðið aðhald frá foreldrum sínum. Þetta á jafnt við um heimanám sem og vinnu barnanna á skólatíma.³⁰

Mikilvægt er að skólarnir kynni ákveðna þætti skólastarfsins fyrir foreldrum. Skólanámskrá er ágætt tæki til kynningar á stefnu skólans varðandi skólastarfið. Þar er æskilegt að sé greinargott yfirlit yfir stefnu skólans varðandi heimanám þar sem fram kemur hver tilgangur heimanáms á að vera og hlutverk allra sem koma að heimanámi eru tíunduð.

²⁸ Cooper 2001:47

²⁹ Andersen og Rasmussen 1996:13

³⁰ Mack 1998:109

2.3 Stefna skólans

Samkvæmt *Aðalnámskrá grunnskóla* á skólinn að gera ráð fyrir þátttöku foreldra í skólastarfí, heimanámi o.fl. Útbúa þarf sérstaka skólanámskrá sem tekur á flestum þáttum varðandi skólann, þ.á.m.heimanámi.³¹

En hvað þarf að hafa í huga þegar útbúin er sérstök stefna varðandi heimanám? Spyrja þarf nokkurra lykilspurninga áður en stefnan er mótuð og gott er að setja upp ákveðin skipulagsramma til að vinna eftir.³²

Tafla 3
Skipulagsrammi við mótun stefnu skóla varðandi heimanám

Lykilspurningar	Meginreglur	Umræður
Hvers vegna stefna í heimanámi?	<ul style="list-style-type: none"> • Samræmi • Samstilling • Mynda heild 	Er nauðsynlegt að hafa stefnu? Græða allir á því?
Hvernig er stefnan þróuð?	<ul style="list-style-type: none"> • Leita ráða. • Útskýringar. • Samvinna. 	Til hverra er leitað? Hvernig gerum við stefnuna trúverðuga?
Hvað inniheldur stefnan?	<ul style="list-style-type: none"> • Grundvallarforsendur. • Ábyrgð. • Samband. 	Hver eru markmiðin? Hvernig er tekið á vafaatriðum?
Hvar á stefnan við?	<ul style="list-style-type: none"> • Í skólastofunni. • Í skólasamfélaginu. • Í samfélaginu. 	Hvernig hefur stefnan áhrif á nemendur? Hefur hún yfirsýn?
Hverjir eiga að koma við sögu?	<ul style="list-style-type: none"> • Skólayfirvöld. • Kennarar. • Foreldrar. • Nemendur. 	Hvernig á að afmarka stefnuna? Hver er staða hvers og eins?
Hvenær á að byrja?	<ul style="list-style-type: none"> • Samkomulag. • Samhengi. • Samræmi. 	Hverjir þurfa að samþykkja stefnuna? Hvar á hún við í skólasamfélaginu?

Umræður á þessum nótum þurfa að eiga sér stað innan skólans áður en stefnan er mótuð. Út frá þeim umræðum er hægt að vinna ákveðin ramma sem getur svo mótað stefnu skólans varðandi heimanám. Æskilegt er að leita til sem flestra til að fá

³¹ *Aðalnámskrá grunnskóla – almennur hluti* 1999:25 – 26

³² *The homework file. Developing a whole school policy* (Rit 2) 1991:1

ráðleggingar og hugmyndir. Stefna skólans í heimanámi er ekki einkamál yfirvalda tiltekins skóla, hún kemur öllu skólasamfélaginu við.³³

Að markmið með heimanámi séu skýr er grunnur að stefnumótun varðandi heimanám. Vinna varðandi stefnumótum heimanáms virðist mjög mismunandi eftir skólum. Í sumum skólum, sem dæmi Oddeyrarskóli á Akureyri, hefur verið unnið mikið með hugtakið heimanám og þar sett fram skýr og aðgengileg stefna í þeim málum. Eftirfarandi klausa er brot af stefnu skólans varðandi heimanám:

Tilgangur heimavinnu er:

- að nemendur fái aukna þjálfun í því sem kennt hefur verið í skóla.
- að nemendur tileinki sér vinnubrögð heimanáms og verði sjálfstæðari í vinnubrögðum.
- að tengja fjölskyldur við nám barna.
- að nemendur öðlist smám saman færni í að undirbúa sig fyrir kennslu í skóla.³⁴

Tafla 3 tilgreinir hvaða þætti þarf að hafa í huga þegar stefnan er mótuð og virðist Oddeyrarskóli hafa haft þá flesta í huga. Markmið skólans eru skýr og nemendur, foreldrar og kennarar ættu að vita til hvers er ætlast.

Þegar markmið heimanáms og stefna skóla varðandi heimanám eru óskýr er hætt við að heimanámið missi marks. Þegar foreldrar og nemendur vita ekki til hvers er ætlast er erfiðara um vik að sinna heimanáminu sem skyldi. Glerárskóli á Akureyri hefur unnið nokkuð mikið með heimanám en stefna skólans er ekki eftir því.

Öllum nemendum skólans er ætluð heimavinna. Í tengslum við heimanám gefst foreldrum gott tækifæri til að fylgjast með námi barna sinna og veita þeim stuðning og hvatningu. Minnt skal á að í heimanámi felst upprifjun ekki kennsla. Hjá yngri nemendum skólans er vikúáætlun um heimanám o.fl. send heim með nemendum. Þetta skipulag ætti að hjálpa og koma sér vel fyrir alla aðila. Hjá eldri nemendum skólans er ætlast til að þeir skrái í dagbók það sem sett er fyrir til heimanáms. Hentugar dagbækur eru til sölu í skólanum. Þá má nefna að tölvusamskipti milli heimila og skóla fara vaxandi og gætu á ýmsan hátt nýst varðandi þessi samskipti. Heimanámið er eitt af mikilvægustu samstarfsverkefnum heimila og skóla.³⁵

³³ *The homework file. Developing a whole school policy* (Rit 2) 1991:2

³⁴ Skólanámsskrá Oddeyrarskóla 2003 – 2004

³⁵ Glerbrot 2003 – 2004

Klausan hér á undan er öll stefna Glerárskóla varðandi heimanám. Stefnan er óskýr og ómarkviss sem gerir það að verkum að nemendur og foreldrar vita ekki til hvers er ætlast af þeim. Þessi stefna minnir frekar á ákveðna reglu heldur en ákveðna og markvissa stefnu.

2.4 Rannsóknir á heimanámi

2.4.1 Tilgangur heimanáms

Kennarar þurfa að átta sig á tilgangi heimanáms, fyrir hverja er heimanámið og hver eru markmiðin með því? Kennarar mega ekki detta í þá gryfju að líta svo á að heimanámi sé ætlað að uppfylla markmið kennarans, þ.e.a.s. kennarinn hefur ákveðið að í tiltekinni viku eigi að klára bls. 6 – 12 í stærðfræði, ef það næst ekki þurfa nemendur að vinna það heima. Í þessu dæmi eru markmið heimanáms óskýr.

Gerðar hafa verið athuganir á tilgangi heimanáms að mati kennara. Ýmislegt fróðlegt hefur komið í ljós í því sambandi. Gerð var viðamikil rannsókn í Skotlandi sem náði til þrettán skóla. Þessi skólar voru víðsvegar um Skotland og áttu það sameiginlegt að vera dæmigerðir grunnskólar með nemendafjölda frá 100 til 900. 204 kennarar svöruðu spurningalistum rannsóknarinnar. Samkvæmt niðurstöðum telja kennarar megintilgang heimanáms vera að bæta sig í námi og temja sér góða siði og sjálfsaga.³⁶ Margir þættir voru nefndir, eins og að:

- ✓ þjálfa það sem nemendur læra í kennslustundum.
- ✓ undirbúa næstu kennslustundir.
- ✓ afla sér heimilda og annarra upplýsinga.
- ✓ þjálfa nemendur í að nota bókasöfn og aðrar upplýsingaveitur.
- ✓ þjálfa nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum.
- ✓ þjálfa nemendur í að meta vinnuna sína.
- ✓ auka gildi náms.
- ✓ þjálfa skipulagshæfni nemenda.
- ✓ auka ábyrgð á eigin námi.
- ✓ tengja foreldra við nám barna sinna og auka samstarf heimila og skóla.

³⁶ MacBeath og Turner 1999:3,4,6,11

- ✓ fullnægja væntingum foreldra, nemenda, kennara og samfélagsins til skólans.³⁷

Kennarar voru spurðir hvað þeim þætti mikilvægast³⁸ varðandi heimanám og niðurstöðurnar voru eftirfarandi samkvæmt rannsókn MacBeath og Turner:³⁹

Tafla 4
Tilgangur heimanáms samkvæmt kennurum

<i>Mikilvægast</i>	<i>Hlutfall svarenda</i>
Hlekkur á milli heimila og skóla	25%
Þjálfar það sem nemendur lærðu í skólanum.	24%
Tengir foreldra við nám nemenda.	16%
Bætir við þekkingu nemenda.	16%
Nemendur temja sér betri vinnubrögð.	12%
Nemendur temja sér sjálfstæði í vinnubrögðum.	3%
Klára þau verkefni sem ekki tókst að klára í skólanum.	1%
Undirbúa næstu kennslustund.	1%
Annað.	2%

Misjafnt var eftir skólum hver tilgangur heimanáms var að mati kennara. Til að fá heildarsýn voru niðurstöður skólanna 13 teknar saman og sést sú samantekt í töflu 4.

Markmið heimanáms eru ekki alltaf ljós og því þarf skólinn að senda skýr skilaboð til kennara, nemenda og foreldra. Kennarar þurfa þó að geta að einhverju leyti um frjálst höfuð strokið varðandi heimanám. Tæplega 90% kennara í ofangreindri rannsókn töldu að foreldrar ættu að fá meiri upplýsingar varðandi markmið heimanáms.⁴⁰ Markmiðssetning virðist ekki vera nægilega skýr og oft á tíðum vill það brenna við að heimanám mæti afgangi í skólanámskrám grunnskóla.

³⁷ *The homework file. Why have homework...and how to organise it* (Rit 1) 1991:2

³⁸ Aðaltilgangur heimanáms skv. kennurum var að bæta sig í námi og temja sér góða siði og sjálfsaga og því er það ekki tilgreint í töflu 4.

³⁹ MacBeath og Turner 1999:11 – 12

⁴⁰ MacBeath og Turner 1999:17

2.4.2 Heimatilbúin verkefni

Heimanám nemenda skiptist í tvennt, annars vegar eru það verkefni sem byggja eingöngu á því námsefni sem nemendur hafa til grundvallar sínu námi⁴¹ og hins vegar heimatilbúin verkefni, þ.e. verkefni sem kennari útbýr og lætur nemendur hafa. Ekki er þörf á að fara sérstaklega í heimanám sem byggir á því námsefni sem nemendur hafa. Hins vegar er áhugavert að skoða hvernig verkefni það eru sem kennarar búa til. Gerð hefur verið rannsókn á þessum þætti í íslenskum skólum. Ingvar Sigurgeirsson rannsakaði eðli heimatilbúinna verkefna í 12 grunnskólum á Íslandi, 6 í Reykjavík og 6 á Norðurlandi. Hann skoðaði sérstaklega miðstig. Niðurstöður varðandi eðli heimatilbúna verkefna fengust með svörum frá 93 kennurum á miðstigi.⁴²

Tafla 5
Eðli heimatilbúinna verkefna

Form heimatilbúinna verkefna	%
Eyðufyllingar	30,1
Spurningar og línur fyrir svör	16,3
Textar til að skrifa upp	12,8
Verkefni og línur fyrir svör	8,3
Lestrarefni	7,6
Spurningalistar	7,2
Töflur til að fylla út	6,6
Leiðbeiningar um vinnubrögð	4,8
Annað	25,2

Eyðufyllingar, spurningar og svör eru langalgengust. Það er athyglisvert því verkefni af því tagi gera ekki miklar kröfur til nemandans.⁴³

Samkvæmt niðurstöðum rannsókna Ingvars Sigurgeirssonar fellur heimatilbúið námsefni aðallega undir fjórar námsgreinar. 77% efnisins fellur undir íslensku, stærðfræði, landafræði og tónlist. 66,4% verkefnanna voru fyrst og fremst fölgin í skriflegum úrlausnum og 18,7% byggðust á útreikningum af einhverju tagi. Samanlagt er því um að ræða 85,1% heimatilbúna verkefna sem byggja á skriflegum úrlausnum.⁴⁴ Þessar skriflegu úrlausnir reyna yfirleitt ekki mikið á nemandann.

⁴¹ Lesbækur og vinnubækur.

⁴² Ingvar Sigurgeirsson 1994:7,12,15

⁴³ Ingvar Sigurgeirsson 1994:83

⁴⁴ Ingvar Sigurgeirsson. 1994:82 – 84

2.4.3 Tími sem fer í heimanám

Rannsóknir hafa sýnt að langflestir kennarar eru sammála um að heimanám sé mikilvægt og þeim tíma sem fer í heimanám sé vel varið. Í rannsókn sem var framkvæmd í Skotlandi kom í ljós að 97% kennara töldu þann tíma sem fer í heimanám vera vel varið.⁴⁵ En hvernig er þessum tíma varið í raun? Skilar hann einhverjum árangri?

Á undanförunum áratugum hafa milljónir nemenda út um allan heim þurft að svara því reglulega hversu miklum tíma þeir eyða í heimanám á degi hverjum. Niðurstöðurnar hafa verið notaðar til að mæla námsárangur og hvort einhver fylgni sé á milli tíma sem nemendur eyða í heimanám og hvernig þeim gengur í skóla.⁴⁶

Í rannsóknum sem gerðar hafa verið í Bretlandi hefur komið í ljós að sá tími sem fer í heimanám skilar sér í bættum námsárangri nemenda. Sömu sögu er að segja frá Bandaríkjunum. Rannsóknir sem gerðar hafa verið þar sýna að það er fylgni á milli tíma sem varið er í heimanám og námsárangurs, því meiri tími sem fer í heimanám því betri námsárangur. Þeir nemendur sem eyða 30 mínútum eða minna í heimanám dag hvern fá lægri einkunnir en þeir sem eyða 75 mínútum eða meira dag hvern í heimanám. Fylgnin milli tímans sem fer í heimanám og námsárangurs er staðlaður og við hann miðað.⁴⁷

Niðurstöður þessara rannsókna sýna að það er fylgni en ekki orsakatengsl á milli heimanáms og námsárangurs. En þessar niðurstöður sýna ekki hvort aukið heimanám stuðli að bættum námsárangri eða bættur námsárangur stuðli að auknu heimanámi?⁴⁸ Gátan um hvort kom á undan eggjð eða hænán gæti því átt við um þessar vangaveltur.

Tilhneiging skólasamfélagsins er að álíta sem svo að það sé heimanámið sem stuðli að bættum námsárangri. Rannsakandinn David Davenport telur að niðurstöður þeirra rannsókna sem sýna fylgni á milli heimanáms og aukins námsárangurs séu villandi og óskýrar. Hann hefur sett ákveðna fyrirvara varðandi þessar niðurstöður og bent á að kennarar séu farnir að senda nemendur heim með skólaverkefni og koma sér því þannig undan vinnu. Heimaverkefni eru því markmið kennarans. Því lendir aðstoð við heimanám á fjölskyldum nemenda.⁴⁹

⁴⁵ MacBeath og Turner 1999:18

⁴⁶ Cooper 2001:24

⁴⁷ Holmes og Croll 1989:36 – 38

⁴⁸ Cooper 2001:24

⁴⁹ Kralovec og Buell 2000:11 – 12

Það eru margir þættir sem þarf að skoða þegar fylgnin á milli heimanáms og námsárangurs er skoðuð. Í raun er erfitt að sjá hvort um raunverulega fylgni sé að ræða þó svo að rannsóknir gefi fylgni til kynna. Taka þarf því rannsóknir af þessu tagi með fyrirvara. Ómögulegt er að gefa út hvort aukinn tími í heimanám bæti námsárangur, svo margir aðrir þættir gætu verið að hafa áhrif.⁵⁰

2.4.4 Árangur heimanáms

Að fá nemendur til að gera heimanámið sitt er algengasta deilumál milli nemenda og kennara og foreldra. Kennarar eru jafn misjafnir og þeir eru margir og hafa sínar aðferðir til að fá nemendur til að gera heimavinnuna.⁵¹ En hvaða árangri skilar þessi heimavinna? Er árangurinn jákvæður eða neikvæður?

Hægt er að athuga hvort heimanám skilar árangri eður ei með því að taka tvo hópa nemenda á sama aldri. Annar hópurinn fær verkefni með sér heim en hinn hópurinn gerir þessi sömu verkefni í skólanum. Athugun af þessu tagi var gerð í Bandaríkjunum á seinni hluta 9. áratugarins og náði til 3300 nemenda. Niðurstöðurnar gáfu til kynna að heimanám er betra en ekkert heimanám. 70% nemenda sem fengu heimanám sýndu jákvæðan námsárangur í skóla. 55% nemenda sem fengu ekki heimanám sýndu jákvæðan námsárangur.⁵²

Gallinn við rannsóknir af þessu tagi er að þær horfa eingöngu á fylgnina á milli heimanáms og námsárangurs en útvega engin endanleg gögn sem styðja eða hrekja þá tilgátu sem sett var fram í upphafi, þ.e. að heimanám bæti námsárangur. Hvernig vitum við t.d. að heimanám hjálpar nemendum? Og hjálpar þeim við hvað? Að fá hærri einkunnir? Gerir þá að betri borgurum? Undirbýr þá undir lífið og áframhaldandi skóla? Við hvað er heimanámið að keppa? Sjónvarpið? Vinina? Fjölskylduna og systkinin?⁵³ Þessar spurningar þurfa rannsakendur að spyrja sig að áður en farið er af stað með viðamikla rannsókn. Það þarf að horfa á heimanámið í víðara samhengi.

Hluti af uppeldi barna og unglunga er að leyfa einstaklingunum að finna sjálfan sig í hóp, vera með vinum sínum og upplifa nýja hluti. Þegar heimanámið hefur alltaf forgang er viðkvæðið hjá foreldrum að barnið fari ekki út fyrr en búíð er að ljúka heimanáminu. Er ekki verið að fara öfuga leið? Þ.e. að halda aftur af barninu og sýna

⁵⁰ Cooper 2001:33 – 34

⁵¹ Killoran 2003:309

⁵² Cooper 2001:13 – 14

⁵³ Kralovec og Buell 2000:10,27

fram á að ekkert skipti eins miklu máli og heimanámið.⁵⁴ Nemendur hafa sitt að segja um heimanám og held ég að ljóð eftir 12 ára nemanda, Noah Mohr, lýsi nokkuð vel þeim hugmyndum sem nemendur hafa um heimanám.

Heimanám

Heimavinna þetta og heimavinna hitt.
Það er allt sem ég heyri um
þegar ég kem heim eftir skóla.
Ég meina, hvað er málið?
Hver fann það upp?
Ef ég kemst að því,
þá mun hann fá bréf
frá mér sem hann mun ekki gleyma.
Það er að segja ef hann er enn á lífi.
Ég held að heimavinna sé eins og að slá grasið,
vaska upp og taka til í herberginu.
Hvers vegna, gætir þú spurt?
Vegna þess að það er einhver sem segir þér
hvað þú átt að gera.
Heimavinna er stærðfræði, vísindi, landafræði,
lestur og enska.
Ég er ekki að segja kennaranum að losa sig við það.
Ég er eingöngu að segja
reyndu að gera það svolítið skemmtilegt.⁵⁵

Ef kennari undirbýr sig vel, verkefnið eru við hæfi nemenda og þeir skilja hvað á að gera og ef foreldrar átta sig á markmiðum heimanáms þá er jákvæður árangur af heimanámi. Heimanám þarf að vera sambland af námsgreinum og vera fjölbreytt. Illa undirbúið heimanám skilar ekki árangri og getur valdið námsleiða.⁵⁶

⁵⁴ Kralovec og Buell 2000:56 – 57

⁵⁵ Kralovec og Buell 2000:64

⁵⁶ Cooper 2001:23

2.5 Samantekt

Heimanámi má skipta í tvo flokka, hefðbundið heimanám og óhefðbundið heimanám. Hefðbundið heimanám fer, eins og nafnið bendir til, hefðbundnar leiðir varðandi heimaverkefni. Nemendur eru að þjálfa ýmsa þætti námsefnisins með verkefnablöðum, lesbókum og vinnubókum. Heimaverkefnin eru ýmist tilbúin frá kennara eða beint úr þeim bókum sem lagðar eru til grundvallar í tiltekinni námsgrein. Hefðbundið heimanám er að mörgu leyti framhald af skólanum. Óhefðbundið heimanám fer aðrar leiðir og miðar að því að leggja hinn hefðbundna skóla til hliðar. Óhefðbundið heimanám fer þá leið að víkka sjóndeildarhring nemenda og efla gagnrýna hugsun. Heimanám af þessum toga gerir ráð fyrir að nemendur setji sig inn í hlutverk vísindamanna og hugsuða og leysi óhefðbundin verkefni. Þessi verkefni taka mið af námsefninu en nálgast það á annan hátt heldur en hin hefðbundnu verkefni.

Heimanám er ekki einkamál kennara. Heimanám þarf að hafa skýr markmið fyrir alla hlutaðeigandi aðila. Þessir aðilar eru skólasamfélagið í heild, kennarar, nemendur og foreldrar. Allir aðilar þurfa að vita til hvers er ætlast svo heimanámið skili tilætluðum árangri.

Heimanám er gott tæki til að tengja foreldra við nám barna sinna. Hlutverk foreldra varðandi heimanám þarf að vera skýrt og þeir þurfa að vita til hvers er ætlast af þeim og hvað þeir þurfa að varast. Hægt er að tala um að aðstoð foreldra við heimanám nemenda geti haft jákvæðar og neikvæðar afleiðingar. Þau jákvæðu áhrif sem foreldrar geta haft eru að þeir flýti fyrir heimanámi nemenda, samskipti heimila og skóla verða markvissari og nemendur fá gagnlegar upplýsingar og leiðbeiningar frá foreldrum sínum. Þau neikvæðu áhrif sem foreldrar geta haft eru að þeir trufla heimanám nemenda, þeir stuðli að óhóflegu álagi á nemendur og að þeir verði einkakennarar barna sinna. Þó að foreldrar séu allir af vilja gerðir til að aðstoða nemendur við heimanám er ekki sama hvaða aðstoð er veitt. Aðstoð foreldra getur verið fólgin í því að þeir stuðli að sjálfstæðum vinnubrögðum nemenda, þ.e. þeir leiði nemendur áfram. Aðstoð foreldra getur leiðst út í stýrða aðstoð, þ.e. að foreldrar taki beinan þátt í námi nemenda og segi þeim jafnvel svörin. Foreldrar taka stundum völdin í sínar hendur, halda alfarið utan um heimanámið og hafa stífan skipulagsramma utan um það. Eins getur aðstoð foreldra verið truflandi fyrir nemendur.

Allir skólar þurfa að marka sér ákveðna stefnu varðandi heimanám. Það er nauðsynlegt til þess að allir þeir aðilar sem koma að heimanámi viti til hvers er ætlast. Ekki er nóg að starfsfólk skólans viti hver stefnan er, foreldrar og nemendur þurfa líka að fá upplýsingar um til hvers er ætlast. Skólinn þarf að birta stefnu sína og þarf hún að vera opin fyrir alla. Skólanámskrá skólanna er ágætt tæki til að birta stefnuna. Til að móta stefnuna þarf skólinn að spyrja sig nokkurra grundvallarspurninga. Þessar spurningar leiða af sér ákveðið vinnuferli sem nær til alls skólasamfélagsins.

Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar á heimanámi og áhrifum þess. Að mati kennara er aðaltilgangur heimanáms að bæta sig í námi og temja sér góða siði og sjálfsaga. Aðrir þættir eins og hlekkur á milli heimila og skóla, þjálfun í því sem nemendur lærðu í skólanum og undirbúningur fyrir kennslustundir voru líka nefndir.

Rannsóknir hafa verið gerðar á eðli heimatilbúinna verkefna og niðurstöður þeirra leitt í ljós að algengustu heimatilbúnu verkefni taka mið af hefðbundnu heimanámi. Þessi verkefni eru m.a. í formi eyðufyllinga, spurninga- og textavinnu.

Kennarar telja þann tíma sem fer í heimanám vel varið. Ef rétt er staðið að heimanámi er fylgni á milli námsárangurs og þess tíma sem fer í heimanám, þ.e.a.s. þeir nemendur sem eyða meiri tíma í heimanám standa sig betur á prófum. Aðrar rannsóknir hafa líka bent til að ef illa er staðið að heimanámi skilar það ekki bættum námsárangri. Því getur heimanám auðveldlega stuðlað að námsleiða og dregið úr metnaði nemenda.

Árangur heimanáms byggist á því hvernig staðið er að heimanámi. Ef heimanám er illa undirbúið og ómarkvisst skilar það engum árangri, en ef vel er staðið að heimanámi og markmið þess skýr getur það skilað sér í bættum námsárangri nemenda.

3. Athugun á viðhorfum kennara á miðstigi til heimanáms

Margar erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á ákveðin viðhorf kennara í grunnskólum til heimanáms. Gerðar hafa verið rannsóknir á Íslandi varðandi nemendur en lítið fjallað um hugmyndir kennara varðandi heimanám. Í ljósi þessa ákvað ég að gera stutta athugun á viðhorfum kennara á miðstigi til heimanáms og byggir þessi athugun að miklu leyti á erlendum rannsóknum. Ástæðan fyrir því að ég ákvað að taka miðstigið fyrir sérstaklega er einfaldlega sú að á því stigi byrjar heimanámið fyrir alvöru ef svo má segja. Á yngsta stigi eru nemendur með lítið heimanám en á miðstigi verður ákveðið stökk. Þetta stökk á það til að vera of stórt og oft á tíðum er endalaus barningur á miðstigi varðandi heimanám. Á unglingsstigi hefur þessi barningur náð ákveðnu jafnvægi.

Þessi athugun er ákveðin vísbending um þau viðhorf sem kennarar hafa en ekki endanlegur sannleikur.

3.1 Aðferð

Haft var samband við skólastjóra í 8 skólum á Akureyri, Dalvík og Ólafsfirði. Þeim var gerð grein fyrir athuguninni og tóku þeir undantekningalaust vel í þá bón að gerð yrði athugun á viðhorfum kennara á miðstigi til heimanáms. Þeir bentu á heppilega einstaklinga sem gátu verið tengiliðir í skólunum. Tengiliðirnir máttu ekki vera kennarar á miðstigi. Haft var samband við tengiliðina og komið á fundi með hverjum og einum þeirra og athugunin kynnt. 5 af 8 tengiliðum voru deildarstjórar á miðstigi en 3 voru skólastjórar. Hlutverk tengiliðs var að sjá um framkvæmd athugunar í viðkomandi skóla og safna gögnunum saman. Rannsakandi náði síðan í gögnin til tengiliðs.

Tengiliðir fengu spurningalista og leiðbeiningar á þriðjudagsmorgni og höfðu þrjá daga til að leggja spurningalistana fyrir umsjónarkennara á miðstigi.

3.1.1 Þátttakendur

Þeir skólar sem tóku þátt í þessari athugun voru Brekkuskóli, Giljaskóli, Glerárskóli, Lundarskóli, Oddeyrarskóli og Síðuskóli, allir þessir skólar eru á Akureyri. Eins tóku Dalvíkurskóli og Barnaskóli Ólafsfjarðar þátt. Þátttakendur voru umsjónarkennarar á miðstigi og var úrtakið 42 kennarar. 40 kennarar svöruðu athuguninni eða 95%.

3.1.2 Framkvæmd

Tengiliðirnir fengu umslag sem innihélt fyrirmæli ætluð tengilið⁵⁷, spurningalista⁵⁸, og lítil umslög. Tengiliður kom spurningalistum og umslögum til kennara. Farið var fram á að hver kennari svaraði spurningalistanum í einrúmi. Tengiliður var beðinn að segja kennurunum ekki frá tilgangi athugunarinnar, heldur aðeins að biðja þá að svara listanum eftir bestu getu. Tekið var fram að kennararnir áttu að hafa gott næði og góðan tíma til að gera athugunina. Þegar þeir voru búnir að svara voru þeir beðnir að brjóta listann saman og setja í meðfylgjandi umslag. Umslaginu áttu þeir að loka og koma því til tengiliðs sem safnaði umslögunum saman og setti í stórt umslag. Umslög tengiliðs og kennara voru ekki merkt og því ekki hægt að rekja svörin til einstakra skóla.

Rannsakandi hittir ekki kennarana og var það gert til að koma í veg fyrir að tengsl kennara við rannsakanda gætu skekkt niðurstöður. Til að sporna gegn því að umræður milli kennara hefðu áhrif á niðurstöður var kennurum ekki sagt frá eðli athugunarinnar fyrr en rannsakandi var búinn að sækja gögnin.

Þegar kennarar höfðu svarað áttu tengiliðir að skrá hversu margir umsjónarkennarar eru á miðstigi og hversu margir svöruðu. Tengiliðir höfðu 3 daga til að leggja athugunina fyrir, að þeim tíma liðnum sótti rannsakandi gögnin í skólana.

⁵⁷ Sjá fylgiskjal 1

⁵⁸ Sjá fylgiskjal 2


3.2 Niðurstöður

3.2.1 Fyrirlögn heimanáms og stefna skólans

Athugað var hvort kennarar settu fyrir heimanám og kváðust allir kennarar sem svöruðu spurningalistunum setja fyrir heimanám.

Þegar kom að því að athuga hvort kennarar hefðu kynnt sér stefnu skólans kom í ljós að 74% höfðu kynnt sér stefnu skólans, 13% höfðu kynnt sér stefnu skólans að hluta til og 10% höfðu ekki kynnt sér stefnu skólans. 3% svöruðu ekki þessari spurningu.

Mynd 1
Stefna skólans



Athyglisvert er hversu margir hafa ekki kynnt sér stefnu skólans eða kynnt sér hana aðeins að hluta til, eða 23%. Þær niðurstöður gefa til kynna að stjórnendur skóla séu ekki nógu duglegir að hvetja kennara til að kynna sér stefnu skólans varðandi heimanám, skólinn hafi enga sérstaka stefnu eða að kennarar hafi ekki áhuga á því að kynna sér stefnu skólans.

Þegar spurt var hvort kennarar væru sammála stefnu skólans varðandi heimanám kom í ljós að 74% eru sammála stefnu skólans og 13% eru sammála stefnu skólans að hluta til. 13% svöruðu ekki. Í ljósi þessara niðurstaðna má draga þá ályktun að þeir sem hafa kynnt sér stefnu skólans séu sammála henni en þeir sem hafa ekki kynnt sér stefnu skólans nógu vel séu ekki nógu sammála því sem hún segir.

Rúm 72% telja sig framfylgja stefnu skólans en 15% telur sig framfylgja stefnu skólans að hluta til. Tæp 13% svöruðu ekki þeirri spurningu.

3.2.2 Fullyrðingar varðandi heimanám

Tafla 6

Heimanám er til að klára þau verkefni sem ekki tókst að ljúka við í skólanum

N = 40	Tíðni	%
Mjög ósammála	6	15,0
Ósammála	9	22,5
Sammála	15	37,5
Mjög sammála	5	12,5
Veit ekki	1	2,5
Svarar ekki	4	10,0

50% kennara telja að heimanám eigi að vera til að klára þau verkefni sem ekki tókst að klára í skólanum, sem sagt nokkurs konar framhald af skóla. Þessar niðurstöður eru athyglisverðar í ljósi þess að yfir 70% kennara höfðu kynnt sér stefnu skólanna og telja sig framfylgja henni en í stefnu skólanna segir ekkert um að heimanám eigi að vera framhald af skóla. Þegar heimavinna nemenda snýst um að klára þau verkefni sem ekki tókst að klára í skólanum er heimavinnan notuð til að uppfylla markmið kennarans. Þ.e.a.s. kennarinn ákveður hvaða verkefni á að vinna í tiltekinni kennslustund og ef ekki tekst að klára þau í þeim tíma eiga nemendur að taka þau með heim og vinna þau þar. Markmið kennarans um að nemendur klári verkefnin á tilsettum tíma eru uppfyllt utan hefðbundins skólatíma.

Tæp 38% eru ósammála því að heimanám sé til þess að ljúka við þau verkefni sem ekki tókst að ljúka í skólanum.

Tafla 7*Heimanám er undirbúningur nemenda fyrir kennslustundir*

N = 40	Tíðni	%
Mjög ósammála	3	7,5
Ósammála	3	7,5
Sammála	23	57,5
Mjög sammála	10	25,0
Veit ekki		
Svarar ekki	1	2,5

Rúm 80% kennara telja að heimanám eigi að vera undirbúningur nemenda fyrir kennslustundir, þ.e. að heima eigi þau að undirbúa næstu kennslustundir með einhverjum hætti.

15% kennara telja að heimanám eigi ekki að vera undirbúningur nemenda fyrir næstu kennslustundir.

Tafla 8*Heimanám þjálfa nemendur í því sem þeir læra í kennslustundum*

N = 40	Tíðni	%
Mjög ósammála		
Ósammála	1	2,5
Sammála	16	40,0
Mjög sammála	22	55,0
Veit ekki	1	2,5
Svarar ekki		

95% kennarar telja að heimanám eigi að þjálfa nemendur í því sem þeir læra í kennslustundum. Einungis tæp 3% eru ósammála því.

Kennarar virðast því líta svo á að verkefni sem nemendur ná ekki að klára í skólanum sé góð æfing í að þjálfa ákveðin atriði sem nemendur lærðu í skólanum.

Tafla 9*Heimanám þjálfar nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum*

N = 40	Tíðni	%
Mjög ósammála		
Ósammála	2	5,0
Sammála	14	35,0
Mjög sammála	23	57,5
Veit ekki	1	2,5
Svarar ekki		

Tæp 93% kennara líta svo á að heimanám þjálfar nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum. Einungis 5% eru því ósammála.

Samkvæmt töflu 6 eru 50% kennara sem telja að heimanám sé til þess að klára þau verkefni sem ekki tókst að ljúka í skólanum. Í töflu 6 og 9 kemur því fram ákveðið ósamræmi, þ.e. að vinna verkefni sem ekki tókst að klára í skólanum felur ekki í sér sjálfstæð vinnubrögð, heldur eingöngu að klára verkefni sem búið er að forma og móta. Kennarar virðast því líta svo á að þau verkefni sem nemendur gera heima sem þeim tókst ekki að klára í skólanum feli í sér sjálfstæð vinnubrögð.

Tafla 10*Heimanám er ætlað til að tengja foreldra við nám barna*

N = 40	Tíðni	%
Mjög ósammála		
Ósammála	1	2,5
Sammála	14	35,0
Mjög sammála	22	55,0
Veit ekki	3	7,5
Svarar ekki		

90% kennara telja að heimanám sé til að tengja foreldra við nám barna. Þessar niðurstöður staðfesta þær rannsóknir sem hafa sýnt fram á að kennarar telja heimanám best til þess fallið að tengja foreldra við nám barna. Ef markmið heimanáms eru skýr og foreldrar vita til hvers er ætlast getur heimanám skilað sér í bættum námsárangri.

Tafla 11
Heimanám getur valdið námsleiða

N = 40	Tíðni	%
Mjög ósammála	5	12,5
Ósammála	15	37,5
Sammála	8	20,0
Mjög sammála	2	5,0
Veit ekki	10	25,0
Svarar ekki		

50% kennara telja ekki að heimanám geti valdið námsleiða en 25% telja að heimanám geti valdið námsleiða. Athyglisvert er að 25% vita ekki hvort heimanám geti valdið námsleiða og sýnir það fram á að kennarar eru ekki nógu meðvitaðir um árangur heimanáms. Tafla 8 sýnir að 95% kennara telja að heimanám eigi að þjálfa nemendur í því sem þeir læra í kennslustundum. Í töflu 11 kemur samt fram að 25% telji að heimanám geti valdið námsleiða og önnur 25% vita ekki hvort heimanám stuðli að námsleiða. Af þessu má draga þá ályktun að kennarar eru jafnvel meðvitaðir um að þau verkefni sem eiga að þjálfa nemendur í því sem þau læra í kennslustundum geti leitt til námsleiða.

Tafla 12
Heimanám á að vera kveikja

N = 40	Tíðni	%
Mjög ósammála	2	5,0
Ósammála	15	37,5
Sammála	14	35,0
Mjög sammála	1	2,5
Veit ekki	8	20,0
Svarar ekki		

Tæp 43% kennara telja að heimanám eigi ekki að vera kveikja. Rúm 37% kennara telja að heimanám eigi að vera kveikja og 20% vita ekki hvort heimanám eigi að vera kveikja. Athyglisvert er hversu margir eru á því að heimanám eigi ekki að vera kveikja en það styður að einhverju leyti töflu 6 sem sýnir fram á að 50% kennara telja að heimanám sé til að klára þau verkefni sem ekki tókst að klára í skólanum. Verkefni af því tagi fela yfirleitt ekki í sér kveikju. Ef þau á annað borð fela í sér ákveðna kveikju er sú kveikja nýtt í kennslustund þegar nemendur fá verkefnið og nýtist ekki aftur sem kveikja að heimanámi.

Tafla 13
Heimanám stuðlar að gagnrýnni hugsun

N = 40	Tíðni	%
Mjög ósammála	1	2,5
Ósammála	5	12,5
Sammála	20	50,0
Mjög sammála	6	15,0
Veit ekki	8	20,0
Svarar ekki		

65% kennara telja að heimanám stuðli að gagnrýnni hugsun en 15% telja að heimanám geri það ekki. 20% vita ekki hvort heimanám stuðli að gagnrýnni hugsun. Það er athyglisvert hversu margir vita ekki hvort heimanám stuðli að gagnrýnni hugsun. Það gefur ákveðna vísbendingu um að markmið varðandi heimanám séu ekki nógu skýr.

Tafla 14
Heimanám bætir námsárangur nemenda

N = 40	Tíðni	%
Mjög ósammála	1	2,5
Ósammála	2	5,0
Sammála	17	42,5
Mjög sammála	18	45,0
Veit ekki	2	5,0
Svarar ekki		

Rúm 87% svarenda telja að heimanám bæti námsárangur nemenda. Vissulega getur heimanám gert það ef rétt er að því staðið. Aftur á móti telja tæp 8% kennara að heimanám bæti ekki námsárangur nemenda. Þessir sömu kennarar leggja fyrir heimanám og því ætti að spyrja, til hvers eru þeir að leggja fyrir heimanám ef þeir telja það ekki skila bættum námsárangri?

Tafla 15
Heimanám er tímaeyðsla

N = 40	Tíðni	%
Mjög ósammála	32	80,0
Ósammála	5	12,5
Sammála	1	2,5
Mjög sammála	1	2,5
Veit ekki	1	2,5
Svarar ekki		

Rúm 92% kennara telja að þeim tíma sem varið er í heimanám sé vel varið. Aftur á móti eru 5% sem telja að þeim tíma sem fer í heimanám sé illa varið. Það er athyglisvert í ljósi þess að þeir setja fyrir heimanám.

Tafla 16
Heimanám gefur mynd af getu nemenda

N = 40	Tíðni	%
Mjög ósammála	2	5,0
Ósammála	9	22,5
Sammála	21	52,5
Mjög sammála	3	7,5
Veit ekki	5	12,5
Svarar ekki		

60% kennara telja að heimanám gefi ákveðna mynd af getu nemenda. Rúm 27% telja að heimanám gefi ekki mynd af getu nemenda. Það er athyglisvert því að í töflu 14 telja rúm 87% að heimanám bæti námsárangur nemenda. Því er ákveðið ósamræmi í töflu 14 og 16. Tæp 28% telja heimanám ekki gefa mynd af getu nemenda en rúm 87% telja að heimanám bæti námsárangur. Ef heimanám bætir námsárangur hlýtur það að gefa ákveðna mynd af getu nemenda.

Tafla 17
Heimanám bætir við þá þekkingu sem nemendur hafa öðlast í kennslustundum

N = 40	Tíðni	%
Mjög ósammála		
Ósammála	2	5,0
Sammála	17	42,5
Mjög sammála	15	37,5
Veit ekki	4	10,0
Svarar ekki	2	5,0

80% telja heimanám bæta við þá þekkingu sem nemendur hafa öðlast í kennslustundum. Þessar niðurstöður styðja við niðurstöðurnar úr töflu 9 þar sem rúm 92% kennara telja að heimanám hjálfi nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum. Með sjálfstæðum vinnubrögðum bæta nemendur við þekkingu sína en þeir bæta varla við þekkingu sína ef þeir eru bara að klára þau verkefni sem ekki tókst að klára í skólanum eins og tafla 6 sýnir fram á.

Tafla 18
Heimanám er mikilvægt

N = 40	Tíðni	%
Mjög ósammála	1	2,5
Ósammála	1	2,5
Sammála	11	27,5
Mjög sammála	25	62,5
Veit ekki	2	5,0
Svarar ekki		

90% kennara telja að heimanám sé mikilvægt en 5% eru því ósammála. 5% vita ekki hvort heimanám sé mikilvægt. Þeir 5% sem eru þeirrar skoðunar að heimanám sé ekki mikilvægt setja samt fyrir heimanám. Það má þá draga þá ályktun að það sé vegna einhverra þátta sem kennarinn ræður ekki við, eins og t.d. samstarf við annan kennara, stefnu skólans eða krafna foreldra. Ákveðið samræmi er í töflu 18 og í töflu 15 þar sem segir að rúm 93% kennara telji að þeim tíma sem fer í heimanám sé vel varið sem styður það að 90% kennara telji heimanám mikilvægt.

3.3 Samantekt

Heimanám virðist vera samofið skólastarfi grunnskólanna á Akureyri, Dalvík og Ólafsfirði því allir umsjónarkennarar á miðstigi setja fyrir heimanám. Sú niðurstaða þarf ekki að koma á óvart í ljósi þess að stefna allra þessara skóla gerir ráð fyrir heimanámi. Þó hafa 10% kennara ekki kynnt sér stefnu skólans og má því gera ráð fyrir að þeir setji fyrir heimanám af gömlum vana eða að þeir gera ráð fyrir að stefna skólans kveði á um heimanám. Rúmlega 70% kennara eru sammála stefnu skólans og segjast framfylgja henni í verki.

Að mati 50% kennara er heimanám til þess að klára þau verkefni sem ekki tókst að ljúka við í skólanum. Tæp 40% eru því ósammála. Það má ætla að stór hluti kennara líti svo á að hægt sé að sameina verkefnavinnu í kennslustundum og heimanám því rúm 80% kennara telja að heimanám sé undirbúningur fyrir kennslustundir og 95% kennara telja að heimanám eigi að þjálfa nemendur í því sem þeir læra í kennslustundum. Þegar talað er um að heimanám bætir við þá þekkingu sem nemendur hafa öðlast í kennslustundum kemur í ljós að 80% kennara telja að svo sé.

Rúm 90% kennara telja að heimanám þjálfí nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum. 65% telja að heimanám stuðli að gagnrýnni hugsun og rúm 37% kennara vilja meina að heimanám eigi að fela í sér ákveðna kveikju. Að mati kennara virðast hugtökin sjálfstæð vinnubrögð, gagnrýnin hugsun og kveikja vera óháð hvert öðru.

Í stefnu skólanna sem tóku þátt í athuguninni var fjallað um mikilvægi heimanáms varðandi samskipti heimila og skóla. 90% kennara telja að heimanámi sé ætlað að tengja foreldra við nám barna.

Tæp 90% kennara telja að heimanám bæti námsárangur nemenda, tæp 8% telja ekki að heimanám bæti námsárangur. Vert er að minna á að þeir kennarar sem telja að heimanám bæti ekki námsárangur leggja fyrir heimanám. 60% kennara telja að heimanám gefi ákveðna mynd af getu nemenda en tæp 30% telja að heimanám gefi ekki mynd af getu nemanda og gera má ráð fyrir að þeir kennara líti svo á að árangur nemenda í kennslustundum og prófum sýni hvers þeir eru megnugir. 25% telja að heimanám geti valdið námsleiða en 50% kennara telja að heimanám geti ekki valdið námsleiða.

Rúm 90% kennara líta svo á að sá tími sem fer í heimanám sé vel varið. Því þarf ekki að koma á óvart að 90% kennara líta á heimanám sem mikilvægan þátt í skólastarfinu.

4. Umræður

4.1 Stefna skólans

Heimanám er flókið fyrirbæri sem þarf mikillar og góðrar ígrundunar við. Stefna skóla varðandi heimanám þarf að vera skýr og gefa greinargóða mynd af því til hvers er ætlast. Heimanám þarf að vera í sífelldri endurskoðun og skólasamfélagið þarf markvisst að vinna að stefnumótun varðandi þennan þátt skólastarfsins. Vaninn má ekki ná yfirhöndinni því þá er viss hættu á stöðnun. Þegar heimanám, sem og annað nám, staðnar er mikil hættu á að þau markmið sem sett voru í upphafi glattist og heimanámið skili þá ekki tilætluðum árangri. Kennari þarf sífellt að spyrja sig til hvers hann sé að setja fyrir heimanám og hvaða markmið liggja að baki. Eins þarf kennari að átta sig á til hvers hann ætlast af nemendum og hvaða kröfur og markmið liggja til grundvallar vinnu við heimanám.

Skólar hafa mismunandi áherslur varðandi heimanám og eru þessar áherslur nær undantekningarlaust birtar í skólanámskrám viðkomandi skóla. Sú athugun sem ég gerði leiddi í ljós að meirihluti kennara hafði kynnt sér stefnu skólans, alla eða að hluta til. Flestir voru sammála stefnunni og sögðust framfylgja henni í verki. Stefna skólans þarf að vera opin og má ekki binda hendur kennara um of. Ef þeir sem móta stefnuna spyrja sig ákveðinna grundvallaspurninga er auðveldara að leiða vinnuna og beina henni í réttan farveg.⁵⁹ Vaninn á það til að steypa stefnu skólans varðandi heimanám í sama mótið ár eftir ár. Niðurstöður athugunar minnar leiddi í ljós að helmingur kennara telur að heimanám sé til að klára þau verkefni sem ekki tókst að klára í skólanum. Það gefur til kynna að skólarnir sem þeir starfa við hafa ekki markvissa stefnu varðandi heimanám. Markviss stefna í heimanámi gerir ekki ráð fyrir að heimanám sé framhald af skóla. Ef heimanám á að vera markvisst þurfa markmiðin að vera skýr og kröfurnar ljósar.⁶⁰ Ingvar Sigurgeirsson hefur bent á að heimatilbúin verkefni sem fela í sér eyðufyllingar og skriflegar úrlausnir gera litlar

⁵⁹ *The homework file. Developing a whole school policy* (Rit 2) 1991:1

⁶⁰ *The homework file. Developing a whole school policy* (Rit 2) 1991:2

kröfur til nemenda og þeir sjá yfirleitt ekki tilganginn í þeirri vinnu. Verkefni af þessu tagi eru algengasta form verkefna sem nemendur eiga að gera heima.⁶¹

En hvernig stendur þá á því að svona margir kennarar líta á heimanám sem tæki til að klára þau verkefni sem ekki tókst að klára í skólanum? Ég tel að það sé vegna vanans, kennarar gera ákveðna áætlun og ef hún næst ekki þurfa nemendur að vinna það heima. Þannig virkar gangkerfi kennslunnar að margra mati. Nemendur eru því farnir að uppfylla markmið kennarans en þeirra eigin markmið með náminu gleymast.

4.2 Foreldrar

Foreldrar þurfa að koma með markvissum þætti að skólastarfinu. Heimanám er ágætt tæki til að tengja foreldra við nám nemenda. Rannsóknir Kristins Breiðfjörð hafa m.a. sýnt fram á að markviss aðstoð foreldra við heimanám nemenda skilar sér í bættum námsárangri og agaðri vinnubrögðum.⁶² Niðurstöður athugunarinnar leiddi það í ljós að meirihluti kennara telja að heimanám sé til þess fallið að tengja foreldra við nám barna sinna. Það styður t.a.m. þær rannsóknir sem Harris Cooper hefur gert sem hafa sýnt fram á að markviss og jákvæð þátttaka foreldra skilar sér og að heimanám er gott tæki til þátttöku foreldra í námi barna sinna.⁶³ Aftur á móti hafa t.d. Kralovec og Buell bent á að ef illa er staðið að heimanámi getur það íþyngt fjölskyldum og valdið deilum. Þá missir heimanámið marks og verður ákveðin kvöð sem hvílir á fjölskyldum.⁶⁴ Því þarf að vinna markvisst að því að móta stefnu skólans og allir hlutaðeigandi aðilar þurfa að koma að þeirri vinnu.

Umræða um heimanám er ekki bara nauðsynleg í skólum, hún þarf líka að fara fram á heimilum. Foreldrar þurfa að gera sér grein fyrir hvort aðstoð þeirra við heimanám nemenda hafi jákvæð eða neikvæð áhrif. Það er alltof lítið fjallað um þann þátt heimanámsins, það er oft eins og kennarar geri ráð fyrir að foreldrar viti nákvæmlega hvernig og hvaða aðstoð þeir eigi að veita nemendum.

Skólinn þarf að bjóða foreldra velkomna og skólasamfélagið þarf að vera opið samfélag þar sem allir hafa jafnan rétt til að tjá sig. Mótun samfélagsins er í höndum þegnanna sem lifa og hrærast innan þess. Þáttur foreldra varðandi heimanám er oft á tíðum ofmetin, þ.e.a.s. það er gert ráð fyrir að foreldrar aðstoði nemendur og að þeir

⁶¹ Ingvar Sigurgeirsson 1994:83


⁶² Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson 1995:15,21 – 23

⁶³ Cooper 2001:44 – 45

⁶⁴ Kralovec og Buell 2000:56 – 57,64

kunni það alveg. Til að foreldrar átti sig á heimanámi þurfa markmið heimanáms að vera skýr. Það ætti því að kynna stefnu skólans varðandi heimanám fyrir foreldrum að hausti. Ákvörðunartaka varðandi stefnumótun í heimanámi virðist fylgja ákveðnu stigveldi. Skólasamfélagið lítur að mínu mati svona út:

Mynd 2
Skólasamfélagið í dag



Þessi mynd er sú sýn sem ég hef á gangverk grunnskólans í dag. Ákvörðunin kemur að ofan og með tíð og tíma komast skilaboðin til allra hlutaðeigandi aðila. Hægt er að taka dæmi varðandi heimanám. Skólayfirvöld marka ákveðna stefnu sem er kynnt fyrir kennurum. Kennarar veita og meta stefnuna og koma með sínar tillögur. Skólayfirvöld fara yfir þær tillögur og gefa út endanlega stefnu varðandi heimanám. Kennarar fara yfir stefnuna og ætlast er til að þeir framfylgi henni. Þeir leggja fyrir heimanám sem nemendur eiga að leysa. Nemendur hafa ekkert um stefnuna að segja og vinna verkefni vegna þess að ætlast er til þess. Nemendur koma heim og byrja á heimanáminu og foreldrar fá upplýsingar um það með milligöngu nemenda. Foreldrar og nemendur geta kynnt sér stefnu skólans varðandi heimanám en hafa lítið um hana að segja.

Að mínu mati á að vera samvinna allra hlutaðeigandi aðila og markviss vinna varðandi stefnumótun heimanáms þarf að fara fram. Stigveldi skóla gerir það að verkum að ákveðin stéttaskipting er ríkjandi. Nemendur og foreldrar eru yfirleitt frekar neðarlega í þessu stigveldi skólasamfélagsins.

4.3 Heimanám

4.3.1 Kennslustund

Samkvæmt athugun minni voru yfir 80% þátttakenda sammála því að heimanám væri til að undirbúa nemendur fyrir kennslustundir. Samkvæmt rannsókn MacBeath og Turner telja aðeins um 1% kennara að heimanám sé til að undirbúa næstu kennslustund. Taka skal fram að niðurstöður rannsóknar MacBeath og Turner sýna að 1% kennara taldi *megin tilgang* heimanáms vera undirbúning nemenda fyrir næstu kennslustund.⁶⁵ Það hversu margir íslenskir kennarar á miðstigi telja að heimanám sé til þess að undirbúa næstu kennslustund gefur ákveðna vísbendingu um að hérlendir kennarar séu sífellt með hugann við námsefnið og hvernig komast megi yfir sem mest af því.

Yfir 90% kennara sem tóku þátt í athugun minni telja að heimanám eigi að þjálfva nemendur í því sem þeir lærðu í kennslustund. Niðurstöður rannsóknar MacBeath og Turner leiddu í ljós að um 24% kennara telja *megin tilgang* heimanáms vera að þjálfva nemendur í því sem þeir lærðu í kennslustund.⁶⁶ Svo virðist sem hérlendir kennarar leggi mjög mikla áherslu á bæði undirbúning og þjálfun í því námsefni sem tekið er fyrir í kennslustund.

Meirihluti kennara telur að heimanám bæti við þá þekkingu sem nemendur hafa öðlast í kennslustundum. Þeir gera því ráð fyrir að nemendur vikki sjóndeildarhringinn. 80% þátttakenda telja að heimanám sé til að undirbúa kennslustundir. 90% þátttakenda telja að heimanám sé til þess að þjálfva það sem nemendur lærðu í kennslustundum. Það að 80% telji að heimanám bæti við þá þekkingu sem nemendur lærðu í kennslustundum er ekki í samræmi við hve mikla áherslu kennarar leggja á undirbúning og þjálfun í nákvæmlega því efni sem tekið er fyrir í kennslustundum. Þessar niðurstöður stangast því á að því leyti að þjálfun þess sem nemendur læra í kennslustund getur ekki falið í sér að nemendur eigi að bæta við þá þekkingu, heldur eingöngu að þjálfva þá þekkingu sem þegar er fyrir hendi.

⁶⁵ MacBeath og Turner 1999:11 – 12

⁶⁶ MacBeath og Turner 1999:11 – 12

4.3.2 Kveikja

90% kennara á miðstigi telja heimanám mikilvægt. En það er ekki sama hvernig heimanám er sett fram. Í þeirri athugun sem ég gerði kom í ljós að einungis tæp 38% þátttakenda telja að heimanám eigi að vera kveikja. Það einkennilegt í ljósi þess að rúm 92% þátttakenda telja að heimanám stuðli að sjálfstæði í vinnubrögðum en heimanám sem kveikja flokkast frekar undir óhefðbundið heimanám samkvæmt skilgreiningu Jane Nelson og fleiri, þar sem sjálfstæði í vinnubrögðum og gagnrýnin hugsun er höfð að leiðarljósi.⁶⁷ Athugunin sem ég gerði leiddi í ljós að 65% þátttakenda taldi að heimanám stuðlaði að gagnrýnni hugsun og sjálfstæði í vinnubrögðum. Það eru töluvert fleiri en álíta að heimanám eigi að vera kveikja. Margir kennarar líta sem sagt svo á að þó að heimanám sé ekki kveikja geti það stuðlað að gagnrýnni hugsun. Ég tel þetta samofið, ef heimanám inniheldur ákveðna kveikju leiðir það af sér gagnrýna hugsun og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Hefðbundið heimanám sem er fast í viðjum vanans getur dregið úr metnaði nemenda og valdið þeim námsleiða. Jane Nelson og fleiri hafa bent á að hefðbundið heimanám geti verið hvítleitt eitt og sér, hefðbundið og óhefðbundið heimanám þarf að vera í ákveðnu jafnvægi.⁶⁸ Niðurstöður athugunar sem ég gerði leiddi í ljós að 25% þátttakenda telja að heimanám geti valdið námsleiða og 25% vissu ekki hvort heimanám valdi námsleiða eða ekki. Hefðbundið heimanám eitt og sér hefur ákveðna tilhneigingu til að valda námsleiða.

Þegar heimanám gerir engar kröfur og markmið þess eru óskýr mætti líta svo á að heimanám væri tímaeyðsla því þá er það ekki að skila tilætluðum árangri. Rannsókn sem MacBeath og Turner gerðu leiddi í ljós að yfir 90% kennara töldu að þeim tíma sem fór í heimanám væri vel varið.⁶⁹ Sú athugun sem ég gerði leiddi hið sama í ljós. Kennarar virðast almennt líta svo á að tíminn sem fer í heimanám sé af hinu góða, þó svo að stór hluti kennara telji að heimanám sé til að klára þau verkefni sem ekki tókst að klára í skólanum. Rannsókn Ingvars Sigurgeirssonar hefur leitt í ljós að langstærsti hluti heimatilbúinna verkefna eru skriflegar æfingar sem byggja á þulunámi og þjálfunaræfingum. Þau verkefni eru ekki krefjandi og skila litlum sem

⁶⁷ Nelsen og fleiri 1996: 195 – 196

⁶⁸ Nelsen og fleiri 1996: 199 – 200

⁶⁹ MacBeath og Turner 1999:18

engum árangri.⁷⁰ Kralovec og Buell benda jafnframt á að heimanám sem er ekki krefjandi stuðli að námsleiða og metnaðarleysi.⁷¹

4.3.3 Námsárangur

Rannsakendur eru ekki á eitt sáttir um hvort heimanám skili árangri. Það sem skekkir oft niðurstöður rannsókna á heimanámi er að ekki er sama hvernig staðið er að heimanámi. Illa undirbúið og ómarkvisst heimanám skilar ekki tilætluðum árangri á meðan markvisst og vel undirbúið heimanám skilar sér í bættum námsárangri. Harris Cooper telur að heimanám sé til þess fallið að skila ákveðnum námsárangri. Hann bendir á viðamikla rannsókn í því samhengi sem sýnir fram á ákveðinn samanburð, nemendur sem fengu markvisst og vel undirbúið heimanám bættu námsárangur miðað við þá nemendur sem fengu ekkert heimanám.⁷² Aftur á móti hafa Kralovec og Buell bent á að heimanám sé ekki til þess fallið að bæta námsárangur og gagnrýna rannsóknir sem hafa sýnt fram á það með því að benda á að ekki er vitað um orsakasamband, þ.e. er heimanám að bæta námsárangur eða er það námsárangurinn sem skilar sér í skilvirkara heimanámi.⁷³ Athugun mín í skólum leiddi í ljós að tæplega 90% þátttakenda telja að heimanám bæti námsárangur nemenda. Kennarar á miðstigi hallast því frekar að því að heimanám sé til þess fallið að bæta námsárangur.

⁷⁰ Ingvar Sigurgeirsson 1994:83

⁷¹ Kralovec og Buell 2000:26 – 27

⁷² Cooper 2001:13 – 14

⁷³ Kralovec og Buell 2000:10,27

4.4 Að lokum

Heimanám er ekki eins einfalt í fyrirlögn og flestir halda. Það eru margir þættir sem þarf að hafa í huga. Þegar skóli mótar sína stefnu verður hann að kalla eftir álitum allra hlutaðeigandi aðila með markvissum hætti og svara spurningum á borð við, til hvers er heimanám? Hverjir koma að því? Á það ekki að bæta námsárangur og vera hvetjandi? Skólayfirvöld þurfa að gera sér grein fyrir að stefnumótun skóla á að vera í meðförum allra þegna skólasamfélagsins.

Kennarar þurfa að gera sér grein fyrir hvers vegna þeir eru að setja fyrir heimanám og þá mega þeir ekki hafa eingöngu eigin markmið í huga. Hvaða markmið liggja að baki heimanámi og hvaða kröfur gerir það til nemenda? Kennarar þurfa að átta sig á að heimanám er eitthvað sem getur íþyngt fjölskyldum ef rangt er að því staðið en einnig þjappað fjölskyldum saman ef vel er að því staðið. Ef foreldrar vita hvaða markmið liggja á bak við heimanám og til hvers er ætlast af þeim eru þeir betur í stakk búnir til að aðstoða nemendur.

Ég tel æskilegt að hefðbundið heimanám og óhefðbundið heimanám haldist í hendur. Ríkja þarf ákveðið jafnvægi þar á milli. Þessi skipting á heimanámi er góð til að átta sig á hvernig heimanám á að setja fyrir í tengslum við tiltekin markmið. Hefðbundið og óhefðbundið heimanám getur skilað árangri ef rétt er að því staðið. Vaninn á það til að kæfa umræðuna um heimanám, opin umræða um heimanám ásamt sífelldri endurskoðun er lykillinn að árangri varðandi þennan þátt skólustarfsins. Það þarf að hvetja alla, starfsfólk skóla, foreldra og nemendur til að skoða þessa hluti svo setja megi markmið sem gagn er að og eru bætandi fyrir þá sem að þessu koma.

5. Lokaorð

Heimanám er öflugt tæki, sé því beitt á réttan hátt. Rannsóknir hafa sýnt fram á að heimanám er einn mikilvægasti hlekkur á milli heimila og skóla og ef rétt er að því staðið getur það bætt námsárangur og verið hvetjandi fyrir nemendur. Á móti kemur að heimanám getur valdið deilum á heimilum, verið íþyngjandi og virkað letjandi á nemendur.

Skólasamfélagið tekur mið af breytingum alls samfélagsins og lagar sig að breyttum samfélagsháttum. Þegar skólasamfélagsins móta það samfélag undir áhrifum frá hinu íslenska samfélagi sem við erum öll þátttakendur í. Stefnur og straumar þjóðlífsins endurspeglast oft innan skólasamfélagsins. Heimanám þarf að taka mið af þeim breytingum sem eiga sér stað í þjóðfélaginu og skólasamfélagið þarf sífellt að taka þennan þátt til endurskoðunar. Ef það er ekki gert er hættu á stöðnun og þá verður heimanámið að vana sem getur dreift úr sér og hægt á gangverki skólasamfélagsins.

Skólayfirvöld, kennarar, nemendur og foreldrar þurfa að ræða um tilgang og markmið heimanáms. Nemendur og foreldrar mega ekki líta á heimanám sem skyldu, heldur sem krefjandi verkefni sem gagnlegt er að fást við. Um leið og heimanám verður helber skylda verður það ósjálfrátt að kvöð.

Sú athugun sem ég gerði leiddi í ljós ákveðið misræmi varðandi skoðanir kennara á heimanámi. Heimanám virðist vera eðlilegur fylgifiskur skólans en hvaða markmið liggja að baki virðist langt í frá á hreinu. Samkvæmt áliti kennara á heimanám að vera til að klára þau verkefni sem ekki tókst að klára í skólanum og stuðla að sjálfstæðum vinnubrögðum. Heimanám á ekki að vera kveikja en samt stuðla að gagnrýnni hugsun. Brotalöm virðist vera í stefnumótun varðandi heimanám í grunnskólum á Íslandi.

Gagnlegt væri að gera nánari rannsóknir á heimanámi og dýpka þá athugun sem ég gerði með því að skoða fleiri þætti varðandi viðhorf kennara til heimanáms og skoða það út frá fleiri sjónarhornum. Heimanám er öflugt tæki sem skólarnir nýta sér óspart en það þarf að huga vel að þessu tæki, það þarf viðhald og endurskoðun eins og önnur manna verk.

Heimanám hefur ekki verið nægilega mikið rannsakað á Íslandi og tel ég að helsta ástæða þess sé sú að lítið er á heimanám sem skyldu og að það sé

óhjákvæmilegur fylgifiskur skólasamfélagsins. Vaninn hefur náð fótfestu og markmiðin verða því sífellt óljósari. Ef skólar halda áfram á þessari braut missir tilgangur heimanáms algerlega marks. Við þurfum hægja á og snúa þessari þróun við, gera heimanámið hvetjandi fyrir alla aðila og opna umræðuna um heimanám, ekki bara innan veggja skólans heldur í öllu skólasamfélaginu.

6. Heimildaskrá

- Aðalnámskrá grunnskóla – almennur hluti*. 1999. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.
- Andersen, John og Kjeld Rasmussen. 1996. *Mer foreldresamarbeid*. Osló, Pedagogisk Forum.
- Cooper, Harris. 2001. *The battle over homework*, 2.útgáfa. Thousand Oaks, Corwin Pree, Inc.
- Epstein, Joyce L. 1995. School/Family/Community Partnership, Caring for the children we share. *Phi Delta Kappan* 76,9:701-711.
- Epstein, Joyce L. og Natalie Rodriguez Jansorn. 2004. School, Family and Community Partnerships Link the Plan. *The Education Digest* 69,6:19-24
- Feldman, Sandra. 2004. The Great Homework Debate. *Teaching Pre K – 8* 34,5:6.
- Glerbrot. Skólanámskrá Glerárskóla 2003 – 2004. Vefslóð: <http://www.gler.akureyri.is/> [tekið af netinu 15.apríl 2004]
- Holmes, Michael og Paul Croll. 1989. Time spent on homework and academic achievement. *Educational Research* 31,1:36-45.
- The homework file. Why have homework...and how to organise it* (Rit 1). 1991. Edinburgh, Scottish Office Education Department.
- The homework file. Developing a whole school policy* (Rit 2). 1991. Edinburgh, Scottish Office Education Department.
- The homework file. Involving and informing parents* (Rit 4). 1991. Edinburgh, Scottish Office Education Department.
- Ingvar Sigurgeirsson. 1999. *Litróf kennsluaðferðanna – Handbók fyrir kennara og kennaraefni*. Reykjavík, Æskan.
- Ingvar Sigurgeirsson. 1994. *Notkun námsefnis í 10 – 12 ára deildum grunnskóla og viðhorf kennara og nemenda til þess*. Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Íslensk orðabók handa skólum og almenningi*. 1983. (ritstj. Árni Böðvarsson) 2. útg. aukin og bætt. Reykjavík, Menningarsjóður.
- Killoran, Isabel. 2003. Why is your homework not done? How theories of development affect your approach in the classroom. *Journal of Instructional Psychology* 30,4:309 – 315.
- Kralovec, Etta og John Buell. 2000. *The End of Homework – How homework disrupts families, overburdens children and limits learning*. Boston, Beacon Press.

- Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson. 1995. *Samskipti heimila og skóla* [Rannsóknarverkefni]. Hrótafjörður, Reykjaskóli.
- MacBeath, John og Mary Turner. 1990. *Learning out of school. Homework, policy and practice*. Glasgow, Sales and Publications.
- Mack, Adrienne. 1998. *A+ Parents. Help your child learn and succeed in school*. New York, McBook Press.
- McConkey, Roy. 1985. *Working with Parents – A Practical Guide for Teachers and Therapists*. Cambridge, Brookline Books.
- McEwan, Elaine K. 1996. *The dog ate it. Conquering Homework Hassles*. Wheaton-Illinois, Harold Show Publishers.
- Nelsen, Jane, Roslyn Duffy, Linda Escobar, Kate Ortolano og Debbie Owen-Sohocki. 1996. *Positive Discipline – A Teacher's A-Z Guide* (Developing Capable Series). United States of America, Prima Publishing.
- Paris, Scott G. og Linda R. Ayres. 1994. *Becoming Reflective Students and Teachers*. Washington DC, American Psychological Association.
- Skólanámskrá Oddeyrarskóla 2003 – 2004. Vefslóð: <http://www.oddak.akureyri.is> [tekið af netinu 15.apríl 2004].
- Stern, Julian. 1997. *Homework and study support. A guide for teachers and parents*. London, David Fulton Publishers.

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1 – Fyrirmæli

Fylgiskjal 2 – Spurningalisti

Fylgiskjal 1

Fyrirmæli

Kæri tengiliður.

Í þessu umslagi eiga að vera **spurningalistar** og **ómerkt umslög** til kennara (umsjónarkennara) á miðstigi (5., 6. og 7.bekkur). Vinsamlega athugaðu hvort ofantalið sé í umslaginu. Ef ekki, þá hafðu samband við rannsakanda í síma 462 – 4712 eða 866 – 6700.

Þegar spurningalistinn er lagður fyrir á að afhenda kennaranum listann og umslag. Þegar kennarinn hefur lokið við að svara skal hann brjóta listann saman, setja hann í umslagið og koma því til tengiliðs. Tengiliður safnar þeim saman og setur aftur í stóra umslagið. Ekki skal merkja umslögin á neinn hátt.

Mikilvægt er að kennarinn svari spurningalistanum í einrúmi og hafi til þess næði. Ekki skal gefa kennurunum efnislegar upplýsingar um rannsóknina áður en þeir svara.

Vinsamlega merktu hve margir kennarar (umsjónarkennarar) eru á miðstigi og hversu margir svöruðu listanum og settu þetta blað með í stóra umslagið.

Fjöldi kennara á miðstigi

Fjöldi svara

Rannsakandi sækir gögnin föstudaginn 2.apríl.

Með vinsemd og þökk

Valdimar Víðisson

Fylgiskjal 2

Heimanám

Svaraðu eftirfarandi spurningum og fullyrðingum eftir bestu getu.

1. Setur þú fyrir heimanám?

Já

Nei

2. Hefur þú kynnt þér stefnu skólans varðandi heimanám?

Já

Nei

Að hluta til

3. Ef svo er, ertu sammála stefnu skólans varðandi heimanám?

Já

Nei

Að hluta til

4. Telur þú þig framfylgja stefnu skólans varðandi heimanám?

Já

Nei

Að hluta til

5. Fullyrðingar varðandi heimanám.

1. Heimanám er til að klára þau verkefni sem ekki tókst að ljúka við í skólanum.	Mjög sammála	Sammála	Veit ekki	Ósammála	Mjög ósammála
2. Heimanám er undirbúningur nemenda fyrir kennslustundir.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
3. Heimanám þjálfar nemendur í því sem þau læra í kennslustundum.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
4. Heimanám þjálfar nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
5. Heimanám er ætlað til að tengja foreldra við nám barna.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
6. Heimanám getur valdið námsleiða.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
7. Heimanám á að vera kveikja.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
8. Heimanám stuðlar að gagnrýnni hugsun.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
9. Heimanám bætir námsárangur nemenda.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
10. Heimanám er tímaeyðsla.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
11. Heimanám gefur mynd af getu nemenda.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
12. Heimanám bætir við þá þekkingu sem nemendur hafa öðlast í kennslustundum.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
13. Heimanám er mikilvægt.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Brjótið listann saman og setjið í meðfylgjandi umslag.

Takk fyrir þátttökuna